



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
Óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Stjórnarháttayfirlýsing	31
Ófjárhagslegar upplýsingar	34

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Orkunnar IS ehf. (Orkan) fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, og viðbótarkröfur í íslenskum lögum um ársreikninga. Megintilgangur félagsins er verslun með eldsneyti, olíur, rafmagn og annan skyldan varning. Dótturfélög Orkunnar eru Atlaga ehf. (áður Heimkaup ehf.) og Öxl fasteignir ehf.

Ekki er gerður samstæðureikningur Orkunnar IS ehf. og dótturfélaga á grundvelli þess að félagið er að fullu í eigu SKEL fjárfestingafélags hf., samanber heimild í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Löður ehf., sameinaðist Orkunni IS ehf. og gildir samruninn frá 1. janúar 2024. Á árinu 2023 innleiddi Orkan rekstur Löðurs í sinn eigin rekstur, en félögin höfðu verið rekin sjálfstætt að mestu áður. Sameining var því næsta skref. Uppbygging Löðurs hélt áfram á árinu og voru 5 nýjar stöðvar opnaðar á sama tíma sem 8 eldri stöðvum var lokað.

Upplýsingar sem fram koma í skýrslu stjórnar félagsins er ætlað að styðja við og bæta við þær upplýsingar sem veittar eru annars staðar í ársreikningnum. Einnig er þeim ætlað að styðja við efnahagslegar ákvarðanir sem notendur reikningsskila félagsins kunna að taka á grundvelli þeirra. Stjórnendur Orkunnar hafa leitast við að setja upplýsingar í skýrslu stjórnar þannig fram að þær séu skiljanlegar, sannreynanlegar, hnitmiðaðar og hlutlausar.

Orkan stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast starfsemi félagsins og stafa af daglegum rekstri. Orkan hefur það markmið að ekki verði neitt mengunartjón í starfseminni og hefur til þess skýra ferla og viðbragðsáætlanir sem ætlað er að draga úr umfangi umhverfistjóna ef óhapp á sér stað. Starfsemin er einnig útsett fyrir lausafjárahættu, vaxtaáhættu og markaðsáhættu, sjá nánar skýringu 25.

Rekstur ársins 2024

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2024 að fjárhæð 52,8 millj. kr. (2023: 839 millj.kr.). Þegar leiðrétt hefur verið fyrir áhrifum taps af dótturfélaginu Atlögu (áður Heimkaup) sem nam 645 millj.kr. þá var hagnaður af rekstri félagsins á árinu 698 millj.kr. Pann 31. desember 2024 námu heildareignir félagsins 18.179 millj.kr. (2023: 17.555 millj.kr.) Eigið fé í árslok 2024 nam 5.445 millj. kr.(2023: 5.692 millj.kr.) og eiginfjárlutfall félagsins var 30,0% (2024: 32,4%). EBITDA án IFRS 16 áhrifa er 2.224 millj.kr. (2023: 1.829 millj.kr.).

Orkan sem er eina félagið á markaði sem býður alla 5 orkugjafana fyrir ökutæki er virkur þátttakandi í orkuskiptunum. Á árinu var áfram fjárfest í orkuskiptunum, í byrjun árs voru hraðhleðslustöðvarnar 6 en í árslok 12. Um 21,7 % af fjárfestingum félagsins á árinu fóru í orkuskiptin (um 70% árið 2023).

Hlutfé og samþykktir

Skráð hlutfé félagsins nam í árslok 1.355 millj. kr. Atkvæðisrétti í Orkunni er þannig háttáð að 1 kr. jafngildir 1 atkvæði. Einn hluthafi er í árslok líkt og í ársbyrjun, SKEL fjárfestingafélag hf.

Í stjórn Orkunnar ehf. er ein kona og tveir karla og uppfyllir félagið ákvæði laga um kynjahlutföll stjórnar félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði út arður til hluthafa á árinu 2025 að fjárhæð 300 millj.kr. vegna rekstrarársins 2024. Eiginfjárlutfall fyrir arðgreiðslu er 30,0% en 28,4% eftir fyrirhugaða arðgreiðslu.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Orkan starfar í sátt við samfélagið og umhverfið og mætir orkupörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman hátt í sátt við umhverfið. Orkan leitast við að flétta saman samfélags- og umhverfismál við almenna starfshætti félagsins. Orkan leggur áherslu á bestu þjónustuupplifun á sjálfsafgreiðslustöðvum. Félagið leggur áherslu á að vera eftirsóttur vinnustaður og leggur áherslu á jöfn tækifæri alls starfsfólks félagsins en ánægðir starfsmenn eru forsenda ánægðra viðskiptavina.

Orkan tekur virkan þátt í samfélaginu, t.a.m. með því að styðja við málefni og verkefni sem hafa jákvæð samfélagsleg áhrif. Orkan vill vera jákvætt afl í samfélaginu, taka þátt í orkutengdri nýsköpun og skapa ný og spennandi tækifæri. Orkan tekur virkan þátt í uppbyggingu á sviðum íþróttar- og samfélagsverkefna.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfismál, félagsmál og stjórnarhætti eru birtar í viðauka við ársreikninginn.

Ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfismál, félagsmál og stjórnarhætti eru birtar á bls. 34-41.

Stjórnarhættir

Stjórn Orkunnar hefur sett sér starfsreglur og þar er leitast við að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ útgefnunum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga hefur stjórn félagsins útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem fylgir með ársreikningnum. Á árinu fékk Orkan viðurkenningu frá Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráð, Nasdaq Iceland og Stjórnvísir fyrir góða stjórnarhætti og nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er það álit þeirra að ársreikningur félagsins gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum.

Stjórn og forstjóri Orkunnar ehf. hafa í dag fjallað um ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 24. mars 2025.

Stjórn:

Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, formaður

Birna Einarsdóttir

Magnús Ingi Einarsson

Forstjóri:

Auður Danielsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Orkunnar IS ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Orkunnar IS ehf. („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 24. mars 2025.

KPMG ehf.

Matthías Þór Óskarsson
Sigríður Soffía Sigurðardóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Sala	5	23.406.636	24.388.620
Kostnaðarverð seldra vara		(18.480.441)	(20.141.139)
Framlegð		4.926.195	4.247.481
Aðrar rekstrartekjur	6	436.843	641.095
Laun og launatengd gjöld	8	(796.284)	(756.034)
Annar rekstrarkostnaður	7	(1.478.447)	(1.306.076)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)		3.088.308	2.826.467
Afskriftir	13	(1.227.822)	(1.161.357)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT)		1.860.486	1.665.110
Hagnaður af sölu eignarhlutar		0	458.483
Fjármunatekjur	10	5.327	8.275
Fjármagnsgjöld	10	(972.103)	(835.377)
		(966.776)	(368.619)
Hagnaður fyrir áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага		893.710	1.296.491
Áhrif dótturféлага og virðisrýrnun	15	(644.976)	(157.854)
Áhrif hlutdeildarféлага	16	(23.111)	(43.432)
		(668.087)	(201.286)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		225.623	1.095.205
Tekjuskattur	11	(172.826)	(256.063)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		52.796	839.142

Skýringar á blaðsíðum 11-30 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Viðskiptavild	12	1.777.450	1.505.328
Óefnislegar eignir	12	307.019	190.123
Rekstrarfjármunir	13	5.586.685	4.198.870
Leigueignir	13	6.698.468	6.102.164
Eignarhlutir í dótturfélögum	15	2.732.012	4.100.972
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	16	190.411	213.524
Fastafjármunir		17.292.045	16.310.980
Birgðir	17	43.616	9.274
Viðskiptakröfur	18	393.135	471.378
Kröfur á tengd félög	19	139.743	376.010
Aðrar skammtímakröfur	19	85.866	109.948
Handbært fé		224.302	277.714
Veltufjármunir		886.663	1.244.324
Eignir samtals		18.178.707	17.555.304
Eigið fé			
Hlutfé		1.354.732	1.354.732
Yfirverðsreikningur hlutfjár		3.186.552	3.186.552
Bundnir eiginfjárreikningar		30.388	197.815
Óráðstafað eigið fé		873.381	953.158
Eigið fé samtals	20	5.445.053	5.692.258
Skuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	22	576.954	431.206
Leiguskuldbindingar	23	6.804.342	6.021.057
Skuldir við lánastofnanir	27	2.971.965	3.145.319
Langtímaskuldir og skuldbindingar		10.353.260	9.597.582
Skuldir við lánastofnanir		500.000	489.027
Viðskiptaskuldir		174.940	372.772
Næsta árs afborganir af leiguskuldbindingum og lánum	27	841.202	771.328
Skuldir við tengd félög	29	532.372	309.673
Aðrar skammtímaskuldir	24	331.879	322.664
Skammtímaskuldir		2.380.394	2.265.464
Skuldir samtals		12.733.654	11.863.046
Eigið fé og skuldir samtals		18.178.707	17.555.304

Skýringar á blaðsíðum 11-30 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr.	2024	2.023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		52.796	839.142
Leiðrétt fyrir:			
Afskriftir	13	1.227.822	1.161.357
Áhrif dótturfélaga	15	644.976	157.854
Áhrif hlutdeildarfélagi	16	23.111	43.432
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	10	(1.588)	(162.194)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10	966.776	368.619
Tekjuskattur	11	129.061	256.063
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>3.042.954</u>	<u>2.664.273</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting		(3.026)	254.820
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		147.831	(30.131)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		(366.515)	(301.443)
		<u>(221.710)</u>	<u>(76.754)</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		2.821.245	2.587.519
Innborgaðar vaxtatekjur		11.588	4.654
Greidd vaxtagjöld		(473.136)	(392.708)
Handbært fé frá rekstri		<u>2.359.697</u>	<u>2.199.465</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	13	(1.026.383)	(1.511.767)
Söluverð rekstrarfjármuna		35.533	(38.522)
Fjárfest í dótturfélögum		(105.000)	(725.000)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(1.095.850)</u>	<u>(2.275.289)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður til hluthafa		(300.000)	0
Tekin ný langtímalán	27	28.043	1.120.348
Tekin ný skammtímalán		10.792	489.208
Afborganir langtímalána	27	(452.371)	(334.963)
Afborganir leigusamninga	23	(864.908)	(388.804)
Skuld við tengd félög, breyting		222.699	(819.544)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(1.355.745)</u>	<u>66.245</u>
Lækkun á handbæru fé		(91.899)	(9.580)
Handbært fé í byrjun árs		277.714	287.295
Handbært fé vegna samruna		38.487	0
Handbært fé í lok árs		<u>224.302</u>	<u>277.714</u>
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Söluverð rekstrar og rekstrarfjármuna		0	1.288.123
Seld dóttur- og hlutdeildarfélög		0	1.586.896
Fjárfesting í dótturfélagi		0	(2.875.019)

Skýringar á blaðsíðum 11-30 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Eiginfjáryfirlit ársins 2024

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Bundinn reikn v. dóttur- og hlutdeildarfél.	Óráðstafað eigið fé	Samtals
2024						
Eigið fé 1.1.2024	1.354.732	3.084.020	102.532	197.815	953.158	5.692.257
Greiddur arður					(300.000)	(300.000)
Hagnaður ársins					52.796	52.796
Bundið vegna afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga				(167.427)	167.427	
Lagt í lögbundinn varasjóð			5.280		(5.280)	
Eigið fé 31.12.2024	1.354.732	3.084.020	107.812	30.388	868.102	5.445.054

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Bundinn reikn v.hlutdeildar- og dótturfélaga	Óráðstafað eigið fé	Samtals
2023						
Eigið fé 1.1.2023	1.354.732	3.084.020	18.618	395.745	0	4.853.115
Hagnaður ársins					839.142	839.142
Bundið vegna afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga				(197.930)	197.930	0
Lagt í lögbundinn varasjóð			83.914		(83.914)	0
Eigið fé 31.12.2023	1.354.732	3.084.020	102.532	197.815	953.158	5.692.258

Skýringar á blaðsíðum 11-30 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

1. Félagið

Orkan IS ehf. ("félagið") er íslenskt einkahlutfélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Fells múli 28, Reykjavík. Félagið er dótturfélag SKEL fjárfestingafélags hf.

Félagið á tvö dótturfélög samanber skýringu 16. Ekki er gerður samstæðureikningur Orkunnar IS ehf. og dótturfélaga á grundvelli þess að félagið er að fullu í eigu SKEL fjárfestingafélags hf., samanber heimild í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Tilgangur félagsins skv. samþykktum þess er verslun með bensín, olíur og annan skyldan varning, svo og hverskonar viðskipti með aðrar vörur í smásölu. Ennfremur lánastarfsemi, rekstur fasteigna, skipa, þjónustustöðva og annar atvinnurekstur, eða þátttaka í atvinnustarfsemi, samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Reikningsskil félagsins byggja á kostnaðarverði.

Stjórn Orkunnar IS ehf. samþykkti ársreikninginn 24. mars 2025

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Skýringar

5. Sala	2024	2023
Eldsneyti	22.423.476	21.953.070
Aðrar vörur	983.160	2.435.550
Sala samtals	23.406.636	24.388.620
6. Aðrar rekstrartekjur		
Leigutekjur	385.382	354.503
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	0	162.194
Aðrar tekjur	51.461	124.398
Aðrar rekstrartekjur samtals	436.843	641.095
7. Rekstrarkostnaður		
Húsnæðis- og viðhaldskostnaður	525.121	383.282
Markaðskostnaður	209.999	168.010
Upplýsingatækni	143.667	157.375
Annar rekstrarkostnaður*	599.659	597.409
Rekstrarkostnaður samtals	1.478.447	1.306.076
* Undir öðrum rekstrarkostnaði er gjaldfærsla að fjárhæð 32,8 millj.kr. vegna sölu á eignum.		
8. Laun og launatengd gjöld		
Laun	641.558	606.066
Mótframlag í lífeyrissjóð	87.179	88.620
Önnur launatengd gjöld	59.101	62.857
Breyting á orlofi	8.446	(1.508)
Laun og launatengd gjöld samtals	796.284	756.034
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknað í heilsársstörf	49	55
9. Þóknanir til endurskoðanda félagsins		
Endurskoðun ársreiknings	6.460	4.654
Önnur þjónusta	13.781	3.976
Þóknanir samtals	20.241	8.630
10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur af handbæru fé	2.730	7.114
Vaxtatekjur af skuldabréfum	1.694	446
Vaxtatekjur af kröfum	903	715
Hagnaður af sölu eignarhluta í félögum	0	458.483
Fjármunatekjur samtals	5.327	466.758
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld	490.611	411.217
Vaxtagjöld og verðbætur vegna leiguskuldbindinga	481.492	424.160
Fjármagnsgjöld samtals	972.103	835.377
Hrein fjármagnsgjöld	(966.776)	(368.619)

Skýringar

11. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:	2024	2023
Hagnaður fyrir tekjuskatt	225.623	1.095.205
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	21,00% 47.381	20,00% 219.041
Áhrif eignarhluta í félögum	62,18% 140.297	(3,12%) (34.182)
Aðrir liðir	(6,58%) (14.851)	6,50% 71.205
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	76,60% 172.827	23,38% 256.064

12. Óefnislegar eignir og viðskiptavild

Óefnislegar eignir greinast þannig:	2024	2023
Viðskiptavild	1.777.451	1.505.328
Viðskiptasambönd	14.096	17.620
Vörumerki	292.923	172.504
Óefnislegar eignir 31.12.	2.084.470	1.695.452

Viðskiptavild greinist þannig:

Viðskiptavild 1.1.	1.505.328	2.150.468
Seld viðskiptavild	0 (645.140)	
Viðskiptavild vegna samruna	272.123	0
Viðskiptavild 31.12.	1.777.451	1.505.328

Viðskiptasambönd greinast þannig:

Viðskiptasambönd 1.1.	17.620	21.144
Afskrift ársins	(3.524) (3.524)	
Viðskiptasambönd 31.12.	14.096	17.620

Afskriftarhlutföll	14%	14%
--------------------------	-----	-----

Vörumerki greinist þannig:

Vörumerki 1.1.	172.504	207.005
Vörumerki við samruna	172.134	0
Afskrift ársins	(51.714) (34.501)	
Vörumerki 31.12.	292.923	172.504

Óefnislegar eignir samtals	307.019	190.124
----------------------------------	---------	---------

Afskriftarhlutföll	10%	10%
--------------------------	-----	-----

Virðisrýmunarpróf viðskiptavilda

Við framkvæmd virðisrýmunarprófs var endurheimtanlegt virði metið útfrá nýtingarvirði þeirra sjóðskapandi eininga sem viðskiptavildin tilheyrir. Endurheimtanlegt virði sjóðskapandi eininganna er byggt á notkunarvirði þar sem áætlað framtíðar sjóðstreymi eininganna miðað við áframhaldandi notkun var núvirt með veginni ávöxtunarkröfu einingarinnar. Fjárfleði eininganna var byggt á rekstraráætlun eininganna sem var gerð af stjórnendum félagsins og samþykkt af stjórn.

Lykilforsendur sem stuðst er við í mati á notkunarvirði er mat stjórnenda á framtíðarþróun á eldsneytismarkaði og byggja þær á upplýsingum frá utanaðkomandi aðilum ásamt sögulegu gengi félaganna. Notkunarvirði eininganna var byggt á eftirfarandi lykilforsendum:

Skýringar

12. Óefnislegar eignir og viðskiptavild, frh.:

	2024	2023
Langtímaþvöxtur	3,9%	1,9%
Veginn fjármagnskostnaður (e. WACC)	14,1%	13,6%
Skuldsetning	25,0%	35,0%
Vaxtagjöld	9,3%	10,0%

Breytingar á WACC um +2% eða EBITDA um -5% leiðir ekki til virðisrýrnunar.

Á árinu 2024 sameinuðust Orkan og Löður. Yfirverði vegna sameiningarinnar var útdelt á vörumerki og viðskiptavild. Sjá skýringu 32 um samrunann.

13. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir, leigueignir og afskriftir greinast þannig:

	Þjónustustöðvar og fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð			
Heildarverð 1.1.2023	4.442.132	12.039	4.454.171
Keypt á árinu	1.499.824	11.944	1.511.767
Selt og niðurlagt á árinu	(791.309)	(3.935)	(795.245)
Heildarverð 31.12.2023	5.150.647	20.047	5.170.694
Vegna samruna	1.080.849	25.281	1.106.130
Keypt á árinu	1.021.142	5.241	1.026.383
Selt og niðurlagt á árinu	(31.982)	(15.816)	(47.798)
Heildarverð 31.12.2024	7.220.656	34.753	7.255.409
Afskriftir			
Afskrifað 1.1.2023	583.385	1.686	585.071
Afskrifað á árinu	576.875	3.654	580.529
Selt á árinu	(192.832)	(945)	(193.777)
Afskrifað 31.12.2023	967.428	4.395	971.823
Vegna samruna	65.408	6.714	72.122
Afskrifað á árinu	628.687	7.331	636.018
Selt á árinu	(5.049)	(6.188)	(11.237)
Afskrifað 31.12.2024	1.656.474	12.252	1.668.727
 Bókfært verð 31.12.2024	 4.183.218	 15.652	 5.586.685
 Afskriftarhlutföll	 2-9%	 8-25%	
Áætlaður nýtingartími	11 - 50 ár	4 - 13 ár	

	Þjónustustöðvar og fasteignir	Samtals
Leigusamningar		
Leigueignir 1.1.2023	6.316.045	6.316.045
Breyting ársins	(181.059)	(181.059)
Verðbætur á árinu	509.980	509.980
Afskrifað á árinu	(542.802)	(542.802)
Leigueign 31.12.2023	6.102.164	6.102.164
Breyting ársins	802.571	802.571
Verðbætur á árinu	327.124	327.124
Afskrifað á árinu	(533.391)	(533.391)
Leigueignir 31.12.2024	6.698.468	6.698.468

Skýringar

13. Rekstrarfjármunir, frh.:

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2024	2023
Afskriftir rekstrarfjármuna	639.192	580.529
Afskriftir leigueigna	533.391	542.802
Niðurfærsla óefnislegra eigna sbr. skýring 12	55.238	38.025
Afskriftir í rekstrarreikningi	1.227.822	1.161.356

14. Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat mannvirkja og lóða nam í lok árs 2024 samtals ISK 932 millj. kr. (2023: 741 millj.kr.). Vátryggingarverð véla, áhalda og tækja félagsins nam í árslok 2024 samtals 5.334 millj. kr. (2023: 2.766 millj.kr.).

15. Eignarhlutir í dótturfélögum

	Áhrif dótturfélaga	Heildar-eignir	Eigið fé	Bókf.verð 31.12.2024	Bókfært verð 31.12.2023
Atlaga, Reykjavík (72%)	(644.976)	6.479.646	3.650.988	2.627.012	2.627.012
Öxl fasteignir, Reykjavík (100%)	0	100.500	96.501	105.000	0
Löður ehf., Reykjavík (100%)	0	0	0	0	850.612
	(644.976)	6.580.146	3.747.489	2.732.012	3.477.624

Atlaga (áður Heimkaup) er leiðandi fyrirtæki í sölu matvöru á netinu. Heimkaup rekur eina netverslun undir merkjum Heimkaupa og tíu verslanir undir vörumerkjum Prís, 10-11, Orkunnar og Extra ásamt öðrum veitingarekstri. Heimkaup á 100% í Lyfjaval sem rekur sjö apótek þar af fjögur með bílalúgu. Fyrir liggur að hluthafar Atlögu og Samkaupa hafa undirritað samning um samruna félaganna frá ársbyrjun 2025. Samningurinn er meðal annars háður samþykki Samkeppniseftirlitsins. Samhliða hafa hluthafar Atlögu samþykkt að lækka hlutafé félagsins og afhenda hluthöfum eignarhlut í Lyfjaval auk annarra eigna.

Á árinu 2024 innleiddi Orkan rekstur Löðurs í sinn eigin rekstur, en félögin höfðu verið rekin sjálfstætt að mestu áður. Sameining var því næsta skref.

Öxl fasteignir er félag í kring um 3 lóðir í Hveragerði.

16. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

	Eignar-hlutur 31.12.2024	2024 Hlutdeild í afkomu	2024 Bókfært verð 2024	2023 Hlutdeild í afkomu	2023 Bókfært verð 2023
Blær, Ísl. vetnisf. ehf. Reykjavík	50,0% (	50.165)	30.032	(43.182)	80.199
Straumlind ehf., Reykjavík	34,0%	23.800	134.304	(4.910)	110.504
Vegsauki ehf., Reykjavík	50,0%	3.254	26.074	2.852	22.820
Eignarhluti í hlutdeildarfélögum samtals		(23.111)	190.410	(45.240)	213.523

17. Birgðir

	2024	2023
Eldsneyti	1.134	0
Smurolía	7.105	4.666
Rekstrarvörubirgðir	35.378	4.607
Birgðir samtals	43.616	9.274

Skýringar

18. Viðskiptakröfur

	2024	2023
Nafnverð viðskiptakrafna	393.135	471.378
Niðurfærsla krafna	0	0
Viðskiptakröfur samtals	393.135	471.378

Hægt er að finna frekari upplýsingar um láns- og gengisáhættu og virðisrýrnun (niðurfærslu) viðskiptakrafna í skýringu um áhættustýringu (skýring 26).

19. Aðrar skammtímakröfur

Kröfur á hið opinbera	799	1.727
Ýmsar kröfur	85.067	108.221
Aðrar skammtímakröfur í árslok	85.866	109.948

20. Eigið fé

(i) Hlutfé

Hlutfé félagsins nam í árslok 1.354,7 þús. kr. samkvæmt samþykktum þess (2023: 1.354,7 þús. kr.). Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

(ii) Yfirverðsreikningur eigin fjár

Yfirverðsreikningur hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt.

(iii) Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um einkahlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Við færslu í lögbundinn varasjóð skal ráðstafa 10% af hagnaði ársins þar til 10% af nafnverði hlutfjár er náð og eftir það 5% af hagnaði ársins þar til 25% af nafnverði hlutfjár er náð. Eftir það er ekki krafist frekar færslu í lögbundinn varasjóð.

(iv) Bundið eigið fé vegna afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага

Bundið eigið fé inniheldur hlutdeild í uppsöfnuðum hagnaði dóttur- og hlutdeildarféлага sem er umfram úthlutaðan arð frá viðkomandi félögum.

(v) Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé sýnir uppsafnaðan hagnað félagsins að frádregnu framlagi í lögbundna varasjóði og arðgreiðslum. Óráðstöfuðu eigin fé er unnt að ráðstafa til félagsins í formi aðgreiðslna.

(vi) Arður

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði út arður á árinu 2025 að fjárhæð 300 millj.kr. vegna rekstrarárins 2024 en stjórn vísar að öðru leyti til yfirlits um eigin fé um aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

(vii) Eiginfjárstýring

Stefna stjórnar félagsins er að viðhalda sterkri eiginfjárstöðu til að tryggja framtíðarþróun félagsins.

Félagið hefur sett sér arðgreiðslustefnu og stefnt er að því greiða árlega til hluthafa 30-50% af hagnaði í formi arðgreiðslna eða endurkaupa á hlutum. Forsendur arðgreiðslu eru að félagið haldist fjárhagslega sterkt m.a. með tilliti til lausafjár sem og að allir skilmálar fjármögnunarsamninga félagsins heimili slíka útgreiðslu. Eiginfjárlutfall í árslok 2024 var 30,0% (2023: 32,4%).

Það voru engar breytingar á eiginfjárstýringu félagsins á árinu og félagið þarf ekki að uppfylla nein ytri skilyrði um lágmarks eiginfjárlutfall umfram þau sem koma fram í lánasamningum.

Skýringar

21. Hagnaður á hlut

Grunn- og þynntur hagnaður á hlut

	2024	2023
Hagnaður ársins	52.796	839.142

Vegið meðaltal útistandandi hluta

Hlutir 1. janúar	1.354.732	1.354.732
Veginn meðalföldi útistandandi hluta	1.354.732	1.354.732
Grunn- og þynntur hagnaður á hlut	0,04	0,62

22. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

	2024	2023
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	431.205	24.985
Áhrif samsköttunar	(78.190)	150.156
Yfirtekið við samruna	51.112	0
Reiknaður tekjuskattur	172.826	256.063
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	576.954	431.205

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði:

Rekstrarfjármunir	398.733	329.416
Öfnislegar eignir	264.412	169.925
Leigueignir og leiguskuldir	(91.039)	(51.011)
Aðrir liðir	4.848	(17.125)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	576.954	431.205

23. Leiguskuldbindingar

Félagið leigir verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þessir leigusamningar eru að jafnaði til 5-25 ára með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans. Auk þess leigir félagið ökutæki og eru þeir samningar að jafnaði til 1-3 ára með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans.

Leiguskuldbinding greinist þannig:

	2024	2023
Leiguskuldbinding 1.1	6.358.172	6.439.944
Samningar, fært út og nýir	835.048	(203.832)
Afborganir leigusamninga	(366.771)	(388.804)
Verðbætur	327.218	510.864
Leiguskuldbinding 31.12	7.153.667	6.358.172

Áhrif leigusamninga í rekstrarreikningi greinast þannig:

Vaxtagjöld á leiguskuldir	481.492	424.160
Afskrift leigueigna	533.391	542.802

Gjaldagreining

Innan árs	337.214	748.364
Eftir ár en innan 5 ára	1.300.345	2.670.739
5 ár og síðar	5.498.049	4.015.464
Ónúvirtar greiðslur alls	7.135.608	7.434.567

Skýringar

23. Leiguskuldbindingar, frh.:

Afborganir leiguskuldbindinga greinast þannig á næstu ár:	2024	2023
2025/2024	349.325	337.115
2026/2025	324.259	338.591
2027/2026	325.284	268.754
2028/2027	329.389	264.962
2029/2028	5.825.410	5.148.751
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	7.153.667	6.358.172
Leiguskuldbinding með næsta árs afborgunum	7.153.667	6.358.172
Næsta árs afborgun leiguskuldbindingar	(349.325)	(337.115)
Samtals langtímahluti leiguskuldbindingar	6.804.342	6.021.057

Samningsbundar leigugreiðslur á árinu voru 865 millj.kr.

24. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2024	2023
Ógreidd launatengd gjöld	89.265	80.072
Aðrar skammtímaskuldir	242.614	242.592
Aðrar skammtímaskuldir samtals	331.879	322.664

25. Áhættustýring

Yfirlit

Þær fjárhagslegu áhættur sem félagið býr við eru: lánsáhætta, lausafjáráhætta, vaxtaáhætta og markaðsáhætta. Markaðsáhætta samanstendur af verðáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu.

Í þessari skýringu eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn, ásamt forstjóra, hefur forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félagsins auk þess að koma á virku kerfi innra eftirlits. Áhættustýring félagsins er framkvæmd af stjórnendum félagsins í samræmi við reglur sem stjórn félagsins samþykkir. Markmið félagsins er að stýra áhættu á skilvirkan hátt og tryggja meðvitund um gagnsæi áhættustýringar á öllum stigum, allt frá stjórn niður á einstaka starfsmenn. Áhættustýring félagsins miðast að því að áhætta sé í samræmi við áhættuvilja og stefnu félagsins og þannig stuðla að auknum stöðuleika og langtímaarðsemi.

Lánsáhætta

Lánsáhætta eða mótaðilaáhætta, er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins af völdum þess að lánadrottinn, leigusali, birgi, viðskiptavinur eða annar mótaðili uppfylli ekki samningsbundnar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

Félagið færir niður viðskiptakröfur og aðrar kröfur vegna áætlaðrar virðisrýmnunar. Niðurfærslan er bæði sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptakrafna og almenn niðurfærsla. Við mat á almennri niðurfærslu er byggt á sögulegri tapsreynslu, aldursgreiningu krafna og væntri þróun efnahagslífsins.

Félagið hefur sett sér reglur um lánsviðskipti, þar sem leitast er við að lágmarka áhættu þar sem horft er til fjárhagsstöðu, láns hæfismats og starfsemi einstakra viðskiptavina auk stöðu atvinnugreina stærstu viðskiptavina. Allir viðskiptavinir félagsins sem eru í lánaviðskiptum eru með lánamörk á viðskiptareikningi sem þeir geta ekki farið yfir. Í árslok er engin niðurfærsla færð.

25. Áhættustýring, frh.:

Skýringar

Mögulegt tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	Skýringar	2024	2023
Viðskiptakröfur og kröfur á tengda aðila	18, 29	532.878	847.388
Aðrar skammtímakröfur	19	85.866	109.948
Handbært fé		224.302	277.714
		<u>843.046</u>	<u>1.235.050</u>

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningsskiladegi voru eftirfarandi:

	Nafnverð	Virðisrýrnun	Bókfært verð
Árið 2024			
Ógjaldfallnar kröfur	393.135	0	393.135
	<u>393.135</u>	<u>0</u>	<u>393.135</u>

Lausafjáraáætla

Lausafjáraáætla er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið stýrir lausafé með það að markmiði að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla, hvort sem er undir venjulegum og óvenjulegum kringumstæðum, án þess að verða fyrir óásættanlegu tapi og forðast að skaða orðspor félagsins.

Lausafjárstaða félagsins var sterk í árslok 2024 og stjórnendur hennar telja að félagið sé í góðri stöðu til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjalddaga.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

	Bókfært virði	Innan árs	Eftir 1 - 5 ár	Eftir meira en 5 ár	Samtals
Árslok 2024					
Skuldir við tengd félög	532.372	532.372	0	0	532.372
Langtímalán	3.463.842	1.308.746	3.365.336	0	4.674.082
Viðskiptaskuldir og					
aðrar skammtímaskuldir	506.819	506.819	0	0	506.819
Leiguskuldbindingar	7.135.608	819.840	2.990.912	8.073.472	11.884.224
	<u>11.638.641</u>	<u>3.167.776</u>	<u>6.356.248</u>	<u>8.073.472</u>	<u>17.597.497</u>
Árslok 2023					
Skuldir við tengd félög	309.673	309.673	0	0	309.673
Langtímalán	3.579.532	923.240	2.251.918		3.175.158
Viðskiptaskuldir og					
aðrar skammtímaskuldir	695.435	997.898	0	0	997.898
Leiguskuldbindingar	6.358.172	748.364	2.670.739	7.434.568	10.853.671
	<u>10.942.812</u>	<u>2.979.176</u>	<u>4.922.657</u>	<u>7.434.568</u>	<u>15.336.400</u>

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Markaðsáhætta félagsins samanstendur af verðáhættu, gengisáhættu og vaxtaáhættu.

Skýringar

25. Áhættustýring, frh.:

(i) Verðáhætta

Veigamikil markaðsáhætta félagsins er verðáhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á olíu en heimsmarkaðsverð hefur undanfarin ár verið afar sveiflukennt. Mismunur á innkaups og söluverði getur haft bein áhrif á framlegð félagsins. Þá getur hátt verð á olíu í einhverjum tilfellum dregið úr eftirspurn og þannig haft áhrif á afkomu félagsins. Félagið heldur ekki eldsneytisbirgðir heldur er eldsneyti keypt af birgja félagsins jafnóðum og það er selt.

(ii) Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er fólgin í því að félagið verði fyrir neikvæðum áhrifum af vaxtabreytingum.

Flokkun fjármálagerna

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í tiltekna flokka. Flokkun fjáreigna og fjárskulda hefur áhrif á það hvernig fjármálagerningar eru metnir eftir upphaflega skráningu í bókhald. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir félagsins tilheyra og matsgrundvöllur þeirra er sem hér segir:

- Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.
- Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda félagsins eftir bókfærðu verði.

	Afskrifað kostnaðarverð	Aðrar fjárskuldir	Bókfært verð
2024			
Viðskiptakröfur og kröfur á tengda aðila	532.878	0	532.878
Aðrar kröfur	85.866	0	85.866
Handbært fé	224.302	0	224.302
Eignir samtals	843.046	0	843.046
Langtímalán	0	4.674.082	4.674.082
Leiguskuldbindingar	0	7.645.544	7.645.544
Viðskiptaskuldir	0	174.940	174.940
Aðrar skammtímaskuldir	0	864.251	864.251
Skuldir samtals	0	13.358.817	13.358.817
	Afskrifað kostnaðarverð	Aðrar fjárskuldir	Bókfært verð
2023			
Viðskiptakröfur og kröfur á tengda aðila	847.388	0	847.388
Aðrar kröfur	109.948	0	109.948
Handbært fé	277.714	0	277.714
Eignir samtals	1.235.050	0	1.235.050
Langtímalán	0	3.145.319	3.145.319
Leiguskuldbindingar	0	6.792.385	6.792.385
Viðskiptaskuldir	0	372.772	372.772
Aðrar skammtímaskuldir	0	632.336	632.336
Skuldir samtals	0	10.942.812	10.942.812

Mat á gangvirði

Viðskiptakröfur og skammtímakröfur eru ekki núvirtar því óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu verði hins vegar. Skammtímaskuldir eru ekki núvirtar því óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu hins vegar.

Skýringar

26. Rekstrarleigusamningar

Leigutekjur

Félagið leigir út húsnæði til ýmissa aðila. Sumir leigusamninganna hafa ótilgreindan leigutíma en leigutími annarra samninga er frá 2-17 ára. Leigutekjur á árinu 2024 námu 385,4 millj. kr. (2023: 354,5 millj. kr.). Flestir leigusamninganna eru verðtryggðir. Skuldbinding leigutaka með ótilgreindan leigutíma er aðeins reiknuð sem nemur einu ári. Ónúvirt skuldbinding leigutaka greinist þannig:

	2024	2023
Innan árs	307.975	308.309
Eftir 1-5 ár	689.978	700.458
Eftir meira en 5 ár	1.071.662	1.929.657
Samtals	2.069.614	2.938.424

27. Vaxtaberandi skuldir

Þessi skýring veitir upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Skýring um áhættustýringu (skýring 25) inniheldur frekari upplýsingar um vaxtaáhættu, gjaldmiðlagengisáhættu og lausafjánhættu.

Breyting vaxtaberandi skulda greinist þannig:

	2024	2023
Staða vaxtaberandi skulda 1.1.	3.579.532	2.793.966
Lántaka á árinu og samruni	336.682	1.120.529
Afborganir vaxtaberandi lána	(452.371)	(334.963)
Staða vaxtaberandi skulda 31.12.	3.463.842	3.579.532

Langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir með næsta árs afborgunum	3.463.842	3.579.532
Næsta árs afborgun	(491.877)	(434.213)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	2.971.965	3.145.319

		2024		2023	
	Lokagjald dagar	Meðalvextir	Bókfært verð	Meðalvextir	Bókfært verð
Vaxtaberandi skuldir í Íslenskum krónum ...	2029	11,7%	3.463.842	12,6%	3.579.532

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

	2024	2023
2025/2024	491.877	434.213
2026/2025	515.287	442.467
2027/2026	1.770.198	451.829
2028/2027	517.449	1.737.443
2029/2028	169.031	513.580
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	3.463.842	3.579.532

Samkvæmt lánasamningum skuldbindur félagið sig til þess að hlíta ákveðnum fjárhagslegum skilyrðum og í árslok stenst félagið fjárhagsleg skilyrði.

Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga sbr. skýringu 23	(349.325)	(337.115)
Næsta árs afborganir langtímalána	(491.877)	(434.213)
Samtals næsta árs afborganir	(841.202)	(771.328)

Skýringar

28. Veðsetningar

Til tryggingar skuldum hefur Orkan skrifað undir veðsamninga við lánastofnun sem er með veð í fasteignum, tækjum, rekstrarfjármunum, birgðum, viðskiptakröfum og eignarhlutum í félögum.

29. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila:

Móðurfélag, dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og lykilstjórnendur auk félaga í meirihlutaeigu þessara aðila teljast vera tengdir aðilar félagsins. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

Viðskipti við móður- og systurfélög	2024	2023
Keyptar vörur og þjónusta	18.362.420	18.459.022
Seldar vörur og þjónusta	15.005	56.954
Kröfur í lok ársins	0	4.777
Viðskiptaskuldir í lok árs	319.633	218.057
Aðrar skuldir í lok árs	181.688	18.731

Viðskipti við dótturfélög

Keyptar vörur og þjónusta	35.567	164.441
Seldar vörur og þjónusta	96.465	145.538
Kröfur í lok ársins	54.986	371.233
Skuldir í lok ársins	24.627	70.321

Viðskipti við hlutdeildarfélög

Keyptar vörur og þjónusta	41.876	28.931
Kröfur í lok ársins	84.757	0
Skuldir í lok ársins	6.424	2.563

30. Laun og hlunnindi stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra

Þóknun vegna stjórnarsetu á árinu var 18,9 millj.kr. (18,9 millj.kr. árið 2023) að hluta til greidd til SKEL. Laun og hlunnindi forstjóra og framkvæmdastjórna (samts: 4, að hluta til 3 árið 2023) voru 149,8 millj.kr. (102,5 millj.kr. 2023)

31. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

	2024	2023
Rekstur:		
Framlegð í hlutfalli af sölu	21,0%	17,4%
EBITDA / framlegð	62,7%	66,5%
EBIT / framlegð	37,8%	39,2%
Laun / framlegð	16,2%	17,8%
Rekstrarkostnaður / framlegð	46,2%	48,5%
Efnahagur:		
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,37	0,55
Lausafjárlutfall - (veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir	0,35	0,55
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA	1,05	1,17
Eiginfjárlutfall - eigið fé / eignir samtals	30,0%	32,4%
Arðsemi eigin fjár (ársgrundvelli)	0,9%	15,9%
Innra virði hlutafjár	4,02	4,20

Skýringar

32. Samruni

Félagið sameinaðist dótturfélagi sínu Löður ehf. 1. janúar 2024. Áhrif samrunans voru eftirfarandi.

Eignir	Fyrir samruna		Samruna- færslur	Eftir samruna
	Orkan IS ehf.	Löður ehf.		Orkan IS ehf.
Viðskiptavild	1.505.328		409.829	1.915.157
Óefnislegar eignir	190.123			190.123
Rekstrarfjármunir	4.198.870	1.034.009		5.232.879
Leigueignir	6.102.163	387.002		6.489.165
Eignarhl. í dótturfélögum	4.100.972		(850.612)	3.250.360
Eignarhl. í hlutdeildarfélögum	213.524			213.524
Fastafjármunir samtals	16.310.980	1.421.011	(440.783)	17.291.208
Birgðir	9.274	31.316		40.590
Viðskiptakröfur	471.378	31.305		502.683
Kröfur á tengd félög	376.010		(239.421)	136.589
Aðrar skammtímakröfur	109.948	14.201		124.149
Handbært fé	277.714	38.487		316.201
Veltufjármunir samtals	1.244.324	115.309	(239.421)	1.120.212
Eignir samtals	17.555.304	1.536.320	(680.204)	18.411.420
Eigið fé				
Hlutfé	1.354.732	500	(500)	1.354.732
Yfirverðsreikningur hlutfjár	3.186.553			3.186.553
Bundir eiginfjárreikningar	197.815	125	(125)	197.815
Óráðstafað eigið fé	953.158	440.158	(440.158)	953.158
Eigið fé samtals	5.692.258	440.783	(440.783)	5.692.258
Skuldir og skuldbindingar				
Tekjuskattsskuldbinding	431.206	16.687		447.893
Leiguskuldbinding	6.021.057	403.309		6.424.366
Skuldir við lánastofnanir	3.145.319	229.574		3.374.893
	9.597.582	649.570	0	10.247.152
Skuldir við lánastofnanir	489.027			489.027
Viðskiptaskuldir	372.772	86.076		458.848
Næsta árs afb. af leiguskb. og lánum	771.328	112.579		883.907
Skuldir við tengd félög	309.673	235.525	(235.525)	309.673
Aðrar skammtímaskuldir	322.664	11.787	(3.896)	330.555
Skammtímaskuldir samtals	2.265.464	445.967	(239.421)	2.472.010
Skuldir samtals	11.863.046	1.095.537	(239.421)	12.719.162
Eigið fé og skuldir samtals	17.555.304	1.536.320	(680.204)	18.411.420

33. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Félagið hefur beitt reikningsskilaaðferðum sem lýst er í þessari skýringu með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema að annað sé tekið fram.

a. Grundvöllur félagsins

i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutir í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð (sjá skýr. 33.a. iii).

ii) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru þau félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20% til 50% atkvæðaréttar, að meðtöldum hugsanlegum nýtanlegum atkvæðarétti, ef einhver er. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð (sjá skýr. 33.a. iii).

iii) Hlutdeildaraðferð

Hlutdeildaraðferð er reikningsskilaaðferð þar sem fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélagum er upphaflega færð á kostnaðarverði og fjárhæðin síðan leiðrétt vegna breytingar á hlut félagsins í hreinum eignum dóttur- og hlutdeildarfélaga, eftir kaup. Hluttur félagsins í hagnaði eða tapi dóttur- og hlutdeildarfélaga er innifalinn í hagnaði eða tapi félagsins. Verði hlutdeild félagsins í tapi dóttur- eða hlutdeildarfélags meiri en bókfært verð viðkomandi félags er bókfærð verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir dóttur- eða hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri dóttur- eða hlutdeildarfélagsins á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þess fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðil félagsins á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast vegna eigna og skulda er færður í yfirlit um heildarafkomu félagsins.

c. Tekjur

(i) Seldar vörur og þjónusta

Tekjur af sölu á vörum í venjulegri starfsemi eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar félagið hefur uppfyllt samningsskyldu sína sem er yfirleitt við afhendingu, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegar hátt. Greiðslufrestur er almennt 35 dagar nema í staðgreiðslu.

(ii) Aðrar rekstrartekjur

Meðal annarra rekstrartekna færast umboðslaun, hagnaður af sölu eigna, leigutekjur og aðrar tekjur. Aðrar tekjur eru færðar við afhendingu vöru eða þjónustu. Leigutekjur eru tekjufærðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

d. Gjöld

Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara samanstendur af innkaupsverði seldra birgða ásamt flutningskostnaði, vörugjöldum og tollum.

e. Framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

33. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

f. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, handbæru fé, arðstekjum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gangvirðisbreytingum fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning og gengistapi af erlendum gjaldmiðlum.

Hagnaði eða tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman og fært annað hvort sem fjármunatekjur eða fjármagnsgjöld eftir því sem við á.

g. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu og frestaður tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða meðal annarrar heildarafkomu í yfirliti um heildarafkomu.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með efnahagsskuldbindingaraðferðinni vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi. Skatteign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman ef til staðar er lagaleg heimild til að jafna tekjuskatt til greiðslu á móti skatteign og þær heyra undir sömu skattyfirvöld.

Skatteign er færð vegna yfirfæranlegs skattalegs taps, skattaívilnana og frádráttarbærra tímabundinna mismuna að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteignin er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

h. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu.

i. Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við kaup á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði eignarhlutans annars vegar og hlutdeild í hreinni eign félags á kaupdegi hins vegar. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Virðisrýrnunarpróf er framkvæmt að minnsta kosti árlega.

j. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og uppsafnaðri virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan beinan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi búnað er færður til eignar sem hluti af kostnaðarverði búnaðar.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar meðal rekstrarfjármuna.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er ákvarðað með því að bera saman söluverð og bókfært verð eignarinnar og er jafnað saman og fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna eða annars rekstrarkostnaðar.

33. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

j. Rekstrarfjármunir, frh.:

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Reglulegar viðgerðir og viðhald er fært til gjalda þegar kostnaður fellur til.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði eignar að frádregnu niðurlagsverði. Verulegir einstakir hlutar einstakra eigna eru metnir og ef hlutinn hefur nýtingartíma sem er annar en eignin sjálf, þá er sá hluti afskrifaður sérstaklega.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað.

Rekstrarfjármunir eru afskrifaðir frá þeim degi sem þeir eru uppsettir og tilbúnir til notkunar eða í tilviki eigna sem félagið byggir sjálf, frá þeim degi sem eignin er fullgerð og tilbúin til notkunar.

Áætlaður nýtingartími á árinu og samanburðarári greinist þannig:

Þjónustustöðvar og fasteignir	11 - 50 ár
Vélar, áhöld og tæki	4 - 13 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi og breytt ef það er viðeigandi.

k. Leigusamningar

Við upphaf samnings leggur félagið mat á það hvort samningur eða hluti hans feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur að hluta eða heild ef hann felur í sér rétt til yfirráða tiltekinnar eignar á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald. Við mat á því hvort leigusamningur felur í sér yfirráð tiltekinnar eignar notar félagið skilgreiningu leigusamnings í IFRS 16.

(i) Félagið sem leigutaki

Við upphaf eða breytingu á samningi sem felur í sér leiguhluta úthlutar félagið endurgjaldinu á sérhvern leiguhluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hlutar fyrir sig. Fyrir leigusamninga um fasteignir hefur félagið hins vegar kosið að aðgreina ekki leiguhluta frá öðrum hlutum samningsins og færir þá sem einn leigusamning.

Félagið færir leigueign og leiguskuld við upphaf leigusamnings. Leigueignin er upphaflega færð á kostnaðarverði, sem er upphafleg fjárhæð leiguskuldarinnar að teknu tilliti til leigugreiðslna sem hafa fallið til fyrir eða á upphafsdegi samningsins, beins kostnaðar við öflun leigueignarinnar og áætlaðs kostnaðar við að taka niður og fjarlægja eignina, eða til þess að færa eignina eða umhverfi hennar í samt horf að loknum leigusamningi, og að frádregnum leiguilvilnunum sem félagið hefur fengið.

Leigueignin er afskrifuð línulega frá upphafi til loka leigusamningsins, nema þegar eignarhald flyst yfir til félagsins í lok leigutímabilsins eða ef kostnaðarverð leigueignarinnar endurspeglar að félagið muni nýta sér kauprétt í lok leigutímabilsins. Í þeim tilfellum er leigueignin afskrifuð á nýtingartíma eignarinnar, sem er ávarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir aðra fastafjármuni félagsins. Jafnframt er virði leigueignar lækkað reglubundið um sem nemur virðisrýrnun hennar, ef einhver, og leiðrétt vegna endurmats leiguskuldarinnar

Leiguskuld er upphaflega færð við núvirði ógreiddra leigugreiðslna á upphafsdegi leigusamningsins. Greiðslurnar eru núvirtar með því að nota innbyggða vexti leigusamningsins, séu þeir tiltækir, en annars notar félagið þá vexti sem hún fær af nýju lánsfé. Að jafnaði notar félagið vexti á nýju lánsfé til núvirðingar.

Félagið ákvarðar vexti af nýju lánsfé með því að sækja vaxtaupplýsingar vegna ólíkra fjármögnunarleiða og gerir tilteknar aðlaganir til að endurspegla skilmála leigusamningsins og eiginleika eignarinnar sem er leigð.

33. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

k. Leigusamningar, frh.:

Leigugreiðslur sem eru innfaldar í ákvörðun fjárhæðar leiguskuldar fela í sér eftirfarandi:

- Fastar greiðslur, þar með taldar leigugreiðslur sem eru samkvæmt eðli sínu fastar;
- Breytilegar leigugreiðslur tengdar vöxtum eða vísitölu, upphaflega áætlaðar miðað við vexti eða vísitölu á upphafsdegi;
- Fjárhæðir sem gert er ráð fyrir að þurfi að greiða samkvæmt hrakvirðistryggingu; og
- Kaupverð samkvæmt kaupréttarákvæði í leigusamningi þegar félagið telur nokkuð víst að hún muni nýta kaupréttinn, leigugreiðslur á valkvæðum framlengingartímabilum ef félagið er nokkuð viss um að hún muni nýta framlengingarheimildir og greiðslur vegna uppsagnar leigusamnings fyrir lok leigutímans, nema félagið sé nokkuð viss um að nýta ekki uppsagnarheimildir.

Leiguskuldin er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum, ef breyting verður á mati félagsins á fjárhæð sem hún væntir að verði greidd samkvæmt hrakvirðistryggingu, ef félagið breytir mati sínu á því hvort hún muni nýta kaupréttarákvæði, heimildir til framlengingar eða uppsagnar leigusamnings eða þegar breyting verður á fjárhæð leigugreiðslu sem er í eðli sínu föst.

Þegar leiguskuldin er endurmetin með þessum hætti er samsvarandi leiðrétting gerð á bókfærðu verði leigueignarinnar, eða leiðrétting færð í rekstrarreikning félagsins ef bókfært virði leigueignarinnar hefur verið fært niður í núll.

Leigueignir sem ekki uppfylla skilgreiningu á fjárfestingarfasteign eru færðar meðal rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi en leiguskuldir meðal vaxtaberandi lána.

Skammtímaleigusamningar og leigusamningar um óverulegar eignir

Félagið kys að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna leigusamninga um óverulegar eignir og skammtímaleigusamninga, þar á meðal um tölvubúnað. Félagið gjaldfærir leigugreiðslur vegna þessara leigusamninga línulega á leigutíma.

(ii) Félagið sem leigusali

Við upphaf eða breytingu á samningi sem inniheldur leigubátt skiptir félagið endurgjaldi samkvæmt samningnum niður á einstaka leigubætti samningsins á grundvelli hlutfallslegs sjálfstæðs verðs þeirra.

Þegar félagið er leigusali er ákvarðað við upphaf leigusamnings hvort um er að ræða fjármögnunarleigusamning eða rekstrarleigusamning.

Við flokkun leigusamnings leggur félagið heildstætt mat á það hvort leigusamningurinn flytji meginhluta áhættu og ávinnings sem tilheyrir eignarhaldi undirliggjandi eignar. Ef það er niðurstaðan þá er leigusamningurinn fjármögnunarleigusamningur, en ef ekki þá er hann rekstrarleigusamningur. Ákveðnir þættir eru hluti af þessu mati eins og til dæmis hvort leigusamningurinn nær yfir meginhluta hagræns endingartíma eignarinnar.

Þegar félagið tekur eign á leigu og leigir hana áfram færir hún hagsmuni sína samkvæmt upphaflegum leigusamningi annars vegar og framleigusamningi hins vegar. Félagið flokkar framleigusamning með vísan til leigueignarinnar sem leiðir af upphaflegum leigusamningi, en ekki með vísan til undirliggjandi eignar. Ef upphaflegur leigusamningur er skammtímaleigusamningur sem félagið fer með eftir undanþágunni sem gerð er grein fyrir hér að framan er framleigusamningurinn rekstrarleigusamningur.

Ef samningur felur í sér leigubátt og aðra óskylda þætti, þá beitir félagið IFRS 15 til þess að úthluta endurgjaldi á einstaka þætti samningsins.

33. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

(ii) Félagið sem leigusali, frh.:

Leigusamningar

Félagið beitir kröfum IFRS 9 um afskráningu og virðisrýrnun á hreinni eign leigusamninga. Þá fer félagið reglulega yfir áætlað ótryggt hrakvirði sem er notað til þess að reikna út heildarfjárfestingu félagsins í leigusamningnum

Félagið færir leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga línulega yfir leigutímabilið meðal annarra tekna í rekstrarreikningi.

I. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöruna.

m. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbinding er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta sem endurspegla markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni. Bakfærsla núvirðingarinnar er færð sem fjármagnsgjöld.

n. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gagnvirði við upphaflega skráningu í bókhaldi. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem greinir hér eftir.

Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af handbæru fé, verðbréfaeign, samningum, viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankinnistæður.

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Í skýringum 33.f. er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

33. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

(ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Skuldabréf eru upphaflega bókfærð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerðingsins.

Félagið afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerðingsins er lokið, þær eru felldar niður eða falla úr gildi.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er annaðhvort að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Félagið flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda félagsins annarra en afleiðusamninga teljast lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

(iii) Hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður við útgáfu almennra hluta er færður til lækkunar á eigin fé að frádregnum skattaáhrifum.

o. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning, þar með töldum eignarhlutum í hlutdeildarfélögum. Fjáreign telst hafa orðið fyrir virðisrýrnun ef hlutlægar vísbendingar eru til staðar um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða eftir upphaflega skráningu eignarinnar, sem leiða til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið og hægt er að meta áhrif atburðarins með áreiðanlegum hætti.

Við mat á virðisrýrnun einstakra flokka fjáreigna styðst félagið við sögulega leitni á líkum um vanskil, tímasetningu endurheimtu og innleyst töp, með tilliti til mats stjórnenda og framtíðarhorfur á því hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður leiði til að tapið verði í raun hærra eða lægra en söguleg reynsla segir til um. Vegna fjárfestinga í eiginfjárgerningum er veruleg eða langvarandi lækkun gangvirðis niður fyrir kostnaðarverð metin sem hlutlæg vísbending um virðisrýrnun. Félagið telur lækkun vera verulega ef hún nær 20% og langvarandi ef hún nær yfir níu mánaða tímabil.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna félagsins, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar eru gerð að minnsta kosti árlega.

Eignum er skipt upp í minnstu fjárskapandi einingar sem hægt er prófa fyrir virðisrýrnun og eru óháðar öðrum eignum eða fjárskapandi einingum. Viðskiptavild sem myndast vegna sameiningar fyrirtækja er skipt á fjárskapandi einingar eða hóps fjárskapandi eininga sem vænta má að njóti góðs að samlegðaráhrifum.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi ef bókfært verð eigna eða fjárskapandi eininga er umfram endurheimtanlega fjárhæð.

33. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

(ii) Aðrar eignir, frh.:

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða fjárskapandi einingar er nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er fundið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi. Við útreikninginn er miðað við afvöxtunarlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eignin felur í sér.

Virðisrýrnun er einungis bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnunin er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

p. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er eining innan félagsins sem viðhefur starfsemi sem getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þ.m.t. tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðrar rekstareiningar félagsins. Stjórnendur félagsins álíta hana einn starfspátt.

q. Nýir reikningsskilastaðar sem ekki hafa tekið gildi

Nokkrar breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum gilda um fjárhagsár sem hefjast eftir 1.janúar 2024 og er heimlt að beita fyrir gildistöku þeirra. Félagið hefur hins vegar ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila. Áhrif þessara breytinga eru áætluð óveruleg á reikningsskil félagsins, utan IFRS 18 sem mun breyta framsetningu reikningsskilanna. Áhrif staðalsins hafa ekki verið metin.

Stjórnaháttayfirlýsing

1. Stjórnarhættir Orkunnar

Góðir stjórnarhættir eru að mati stjórnar og stjórnenda Orkunnar IS ehf. („Orkunnar“) undirstaða trausts og ábyrgðar stjórnunar og stuðlar að vandaðri ákvarðanatöku og góðum samskiptum milli hluthafa, stjórnar, starfsmanna og annarra hagaðila félagsins.

Stjórnarhættir Orkunnar eru í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins. Stjórn og stjórnendur Orkunnar hafa unnið markvisst að því að rýna og móta innri reglur félagsins með það að markmiði að þær séu í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Að svo stöddu vikur Orkan frá leiðbeiningunum hvað eftirfarandi atriði varðar:

- Hjá Orkunni er ekki starfandi tilnefningarnefnd, sbr. 1.4. gr. leiðbeininga.
- Hjá Orkunni eru ekki starfandi undirnefndir stjórnar, sbr. 5.3 og 5.4. gr. leiðbeininga.
- Í stjórn félagsins eru 3 stjórnarmenn, þar af 1 óháður í skilningi 2.3 gr. leiðbeininga.

2. Stjórn og framkvæmdastjórn Orkunnar

2.1. Stjórn Orkunnar

Stjórn Orkunnar fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur þar sem fjallað er um verkaskiptingu stjórnar og samskipti stjórnar, stjórnarformanns og forstjóra.

Í stjórn Orkunnar eru þau Ásgeir Helgi Reykfrjörð Gylfason, stjórnarformaður, Birna Einarsdóttir og Magnús Ingi Einarsson. Í stjórn Orkunnar sitja því tveir karlar og ein kona. Félagið uppfyllir því ákvæði laga um kynjahlutföll stjórnar í einkahlutafélögum. Öll hafa þau reynslu af stjórnarstörfum og rekstri félaga.

Starfsreglur stjórnar og samþykktir stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

1. Um stjórnarmeðlimi Orkunnar

Ásgeir Helgi Reykfrjörð Gylfason tók fyrst sæti í stjórn Orkunnar sem stjórnarformaður í ágúst 2022. Ásgeir er fæddur árið 1982 og er með Meistaragráðu og B.A. gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík og lögmannsréttindi. Hann starfar sem forstjóri SKEL fjárfestingafélags. Áður starfaði Ásgeir sem aðstoðarbankastjóri og framkvæmdastjóri fyrirtækja- og fjárfestingabankasviði Arion banka hf. á árunum 2019-2022. Hann var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Kviku banka hf. Á árunum 2015-2019 og í framkvæmdahópi um losun fjármagnshatta sem skilaði af sér samkomulagi um stöðugleika árið 2015. Ásgeir var yfirlögfræðingur MP banka hf. á árunum 2012- 2015. Lögmaður hjá LOGOS lögmannsþjónustu í Reykjavík og Lundúnum á árunum 2009-2012 og hjá Straumi fjárfestingarbanki hf. á árunum 2004-2009. Ásgeir er stjórnarformaður Kaldalóns hf. og Styrkáss hf. Ásgeir á sæti í stjórn Skaga hf. og Reykfrjörð ehf. Ásgeir á ekki eignarhluti í Orkunni, hvorki beint né í gegnum tengda aðila en á kauprétt í SKEL fjárfestingafélagi. Ásgeir er með hagsmunatengsl við félög sem eru í eigu SKEL og Orkan á í viðskiptum við, svo sem Skeljung, Heimkaup, Kaldalón og Gallon. Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila Orkunnar. Ásgeir er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess, en er háður Skel fjárfestingafélagi sem er 100% eigandi Orkunnar.

Birna Einarsdóttir tók fyrst sæti í stjórn Orkunnar í júlí 2024. Birna er fædd árið 1961 og er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA frá Edinborgarháskóla. Hún starfaði síðast sem bankastjóri Íslandsbanka í 15 ár. Birna á sæti í stjórn hjá Iceland Seafood International, Fólk Reykjavík, Gallon og Thor landeldi. Birna á ekki eignarhluti í Orkunni, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Birna er ekki með hagsmunatengsl við félög í eigu SKEL og sem Orkan á í viðskiptum við svo sem Skeljung, Heimkaup, Kaldalón en er í stjórn Gallon sem er í eigu sama aðila og Orkan. Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila Orkunnar. Birna er óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess. Ennfremur er Birna óháð Skel fjárfestingafélagi sem er 100% eigandi Orkunnar.

Magnús Ingi Einarsson tók fyrst sæti í stjórn Orkunnar í desember 2022. Magnús er fæddur árið 1981 og er með meistaragráðu í vélaverkfræði frá Virgina Tech og B.Sc. í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands. Hann starfar sem fjármálastjóri SKEL fjárfestingafélags. Áður starfaði Magnús sem framkvæmdastjóri bankasviðs Kviku banka á árunum 2019-2022 og þar áður

framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar Kviku banka frá 2015-2019. Magnús var yfir fjárstýringu hjá Straumi fjárfestingabanka á árunum 2012-2015 og í áhættustýringu bankans á árunum 2006-2012. Magnús á sæti í stjórn hjá Skeljungi ehf., Gallon ehf., Heimkaupum ehf., Blæ íslenska vetnisfélaginu ehf., Öxl fasteignum ehf., Helgafellsásum ehf., Focalpay og Hokies ehf. Magnús er varamaður hjá Stork ehf. og Styrkás hf. Magnús á ekki eignarhluti í Orkunni, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Magnús er með hagsmunatengsl við félög sem eru í eigu SKEL og Orkan á í viðskiptum við svo sem Skeljung, Heimkaup, Kaldalón og Gallon. Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila Orkunnar. Magnús er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess, en er háður Skel fjárfestingafélagi sem er 100% eigandi Orkunnar.

2. Fundir og fundargerðir stjórnarfunda

Fundargerðir stjórnar eru í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Í hverri fundargerð er bókun yfirlýsing fundarmanna um hæfi stjórnar og forstjóra til umræðu og afgreiðslu mála sem eru á dagskrá fundarins. Hjá félaginu liggur yfirlit yfir hagsmuna- og venslatengsl stjórnarmanna og eiganda félagsins. Í þeim tilvikum sem hagsmunatengsl stjórnarmanns kunna að vera til staðar vegna félags sem ekki er hluti af eignasafni SKEL fjárfestingafélags hf. víkur stjórnarmaður af fundi og fær viðkomandi stjórnarmaður ekki aðgang að gögnum málsins fyrr en eftir atvikum þegar því tiltekna máli er lokið, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Orkan fundaði 12 sinnum á árinu 2024 og var stjórn ákvörðunarþær á öllum fundum ársins. Full mæting var á alla fundi nema einn þegar einn stjórnarmaður tilkynnti forföll.

3. Árangursmat stjórnar

Hefðbundið árangursmat stjórnar og sérstakt sjálfsmat á samsetningu stjórnar Orkunnar var framkvæmt í maí 2024.

Stjórnarmenn Orkunnar lögðu mat á þekkingu og reynslu stjórnarinnar sem heild og var litið m.a. til þekkingar á rekstri fyrirtækisins, verklags, starfshátta og stefnumótunar. Einnig var lagt mat á samsetningu, styrkleika og veikleika stjórnarinnar. Í árangursmati stjórnar lagði stjórn mat á störf sín frá miðju ári 2022 og fram á mitt ár 2024, ásamt því að meta störf forstjóra Orkunnar og stjórnarformanns.

2.2. Framkvæmdastjórn Orkunnar

Forstjóri og framkvæmdastjórn bera ábyrgð gagnvart stjórn á daglegum rekstri félagsins í samræmi við stefnu og ákvarðanir hluthafa og stjórnar. Hlutverk, ábyrgð og umboð forstjóra er nánar skilgreint í starfslýsingu sem forstjóri og stjórn samþykktu í september 2024.

4. Um framkvæmdastjórn Orkunnar

Auður Daníelsdóttir: Fædd árið 1969. Auður var ráðin forstjóri Orkunnar IS ehf. í júlí 2022. Sem forstjóri heyrir hún beint undir stjórn og ber ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart henni, þ.m.t. reikningsskilum, færslu bókhalds, samskipti við banka, afla nýrra viðskiptasambanda og viðhalda þeim sem eru fyrir, þróa vöru- og þjónustuframboð félagsins, þar sem áhersla er á vöxt þess, auk alls annars sem varðar starfsemi félagsins. Auður er með Cand.Oecon próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, lauk námi í starfsmannastjórnun frá Háskóla Íslands og AMP stjórnendanámi frá IESE í Barcelona.

Sigurður Vífill Ingimarsson: Fæddur árið 1977. Vífill var ráðinn framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Orkunnar í árslok 2021. Undir rekstrarsvið heyrir upplýsingatæknisvið ásamt öllum þjónustustöðvum Orkunnar, samskipti við samstarfsfélaga Orkunnar um allt land ásamt umsjón með framkvæmda- og viðhaldsdeild. Vífill hefur viðtæka reynslu af smásölumarkaði. Vífill hefur lokið grunn í verslunarstjórnun frá HR.

Inga Hrund Arnardóttir: Fædd árið 1979. Inga Hrund var ráðin fjármálastjóri Orkunnar IS ehf. í nóvember 2022. Í starfi sínu ber hún ábyrgð á gerð reikningsskila, mánaðar- og ársfjórðungsuppgjöra, áætlanagerðar, fjárstýringu, daglegum rekstri og stjórnun fjármálasviðs. Inga Hrund útskrifaðist með Cand.oecon-próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Guðmundur Ingi Þorsteinsson: Fæddur árið 1980. Guðmundur Ingi var ráðinn framkvæmdastjóri sölu og þróunar hjá Orkunni IS í október 2023 eftir að hafa starfað sem forstöðumaður þróunar hjá Orkunni frá september 2022. Í starfi sínu ber hann ábyrgð á sölu- og þróunarmálum. Guðmundur Ingi útskrifaðist með M.Sc. gráðu í framleiðsluverkfræði frá KTH, í Svíþjóð árið 2005.

3. Innra eftirlit og áhættustjórnun

3.1. Innra eftirlit

Það er hlutverk stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjórnar að hafa forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félagsins, bæði til skemmri og lengri tíma, og jafnframt að koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits skuli vera formlegt og skjalfest og að virkni þess skuli sannreynd reglulega. Markmið með innra eftirliti er að tryggja með sem bestum hætti skilvirkni í starfseminni, áreiðanlegar upplýsingar og hlítir við lög og reglur.

Ekki er starfandi innri endurskoðandi hjá félaginu en ytri endurskoðendur eru kjörnir til eins árs í senn á aðalfundi. Ársreikningur félagsins er endurskoðaður í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Stjórn fær árlega í hendur sérstaka endurskoðunarskýrslu frá endurskoðendum með helstu athugasemdum er snúa að innra eftirliti.

3.2. Áhættustjórnun

Orkan stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast starfsemi félagsins og stafa af daglegum rekstri. Markmið Orkunnar er að ekkert mengunartjón verði vegna reksturs félagsins og hefur vegna þessa sett skýra verkferla og viðbragðsáætlanir sem ætlað er að draga úr umfangi umhverfistjóna ef óhapp á sér stað. Starfsemin er einnig útsett fyrir lausafjárahættu, vaxtaáhættu og markaðsáhættu.

Stjórn Orkunnar setur áhættustefnu félagsins og ber forstjóri Orkunnar ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu Orkunnar og áhættustýringu í daglegum rekstri félagsins og svarar fyrir gagnsemi og virkni áhættustýringar gagnvart stjórn. Framkvæmdastjórn Orkunnar bera ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu, greiningu á áhættu og áhættustýringu á þeim sviðum sem undir þá heyra.

4. Gildi Orkunnar, samfélagsstefna og siðareglur

Gildi Orkunnar eru: ORKUMIKIL, SNJÖLL & NÆÆÆS!

Orkan hefur sett sér sjálfbærnistefnu og siðareglur sem voru samþykktar af stjórn í janúar 2025 og eru birtar á heimasíðu félagsins. Með stefnu um sjálfbærni og siðareglur fléttar Orkan umhverfisþáttum, félagsþáttum og stjórnarháttum við almenna starfshætti félagsins og siðferðileg viðmið. Orkan vill með þeim hætti tryggja ávinning af sínum rekstri fyrir haghafa. Allt starfsfólk Orkunnar fellur undir siðareglurnar og ber að fara eftir ákvæðum þeirra og tileinka sér þær í daglegum störfum.

5. Stefna um fjölbreytileika

Stefnu Orkunnar um fjölbreytileika er lýst í gildandi mannauðs- og jafnréttisstefnu félagsins. Tilgangur stefnunnar er m.a. sá að stuðla að því að hlutur kynjanna verði eins jafn og unnt er í stjórnunar- og áhrifastöðum, auk þess sem stefnan miðar að jöfnum réttindum og sömu tækifærum einstaklinga í starfi.

Að mati félagsins leiðir fjölbreytileiki í hæfni og sjónarmiðum stjórnenda og starfsmanna til betri skilnings á félaginu og málefnum þess. Hann gerir stjórnendum og starfsmönnum betur kleift að skora á hólmi viðteknar skoðanir og ákvarðanir og auðveldar hugmyndum um nýjungar að fá þann meðbyr sem nauðsynlegur kann að vera. Fjölbreytileikinn eykur jafnframt yfirsýn stjórnenda og styður þannig farsæla stjórnun félagsins.

Auglýsingar um störf hjá félaginu eru ekki kynjamiðaðar og við ráðningar skal er litið til kynjahlutfalla. Starfstengdar ákvarðanir eru byggðar á viðeigandi hæfni, verðleikum, frammistöðu og öðrum starfstengdum þáttum. Félagið sættir sig ekki við mismunun. Það er jafnframt hlutverk starfsmanna að bera virðingu fyrir hverjum og einum, sem og ólíkum sjónarmiðum og að skilja það verðmæti sem fólgið er í fjölbreytileikanum.

6. Úrskurðir og dómar tengdir Orkunni

Orkan hefur ekki átt aðild að neinum dóms- eða stjórnsýslumálum frá því að félagið var stofnað.

Þannig samþykkt af stjórn Orkunnar IS ehf.
29. janúar 2025

Ófjárhagslegar upplýsingar

Um Orkuna

Orkan IS ehf. er íslenskt einkahlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Fells múli 28, Reykjavík. Félagið er dótturfélag SKEL fjárfestingafélags hf. Orkan er fjölorkufélag með þann tilgang að þjónusta ökutæki með einföldum hætti, góðu aðgengi og snjallri þjónustu. Hvort sem ökutækið þarf orku, þríf eða aðra algenga þjónustu býður félagið upp á þjónustu sem sinnir þörfum þess. Stefna Orkunnar er að minnka vægi jarðefnaeldsneytis í rekstri félagsins og vera leiðandi þátttakandi í orkuskiptunum sem eru framundan.

Árið 2024 fól í sér áframhaldandi áherslur á sjálfbærni félagsins. Í upphafi árs voru eignir Orkunnar þar sem félagið fer með yfir 30% hlutafjár, Öxl fasteignir (100%), Heimkaup (72%), Blær íslenska vetnisfélagið (50%) og Straumlind (34%). Á árinu var Löður að fullu sameinað Orkunni sem áður var eigandi Löðurs og gildir sameiningin frá og með janúar 2024. Markmið Löðurs er að bjóða upp á umhverfisvænan bílapvott og er kappkostað við að minnka kolefnisspor fyrirtækisins eins og kostur er.

Gildi Orkunnar

Við erum ORKUMIKIL!	Við erum SNJÖLL!	Við erum NÆS!
Við búum í umhverfi þar sem samstarfsfólk og viðskiptavinir vilja hraða en snjalla þjónustu. Við setjum mikla orku í umhverfisverkefni og bjóðum umbúðalausan rúðuvökva á dælu og gassjálfsala fyrir umhverfisvæna orkubolta. Viðskiptavinir geta líka komið með garðauðgang og jólaumbúðir til okkar á ákveðnum árstímum.	Markmið okkar er að vinna að snjöllum lausnum og ferlum til þess að auðvelda starfsfólki og viðskiptavinum lífið. Orkulykillinn í símann gefur viðskiptavinum kost á að sækja lykilinn í veskið í símanum þar sem þeir geta bæði greitt fyrir eldsneyti og virkjað afsláttinn sem fylgir lyklinum.	Það er okkar markmið að byggja upp jákvæða vinnumenningu meðal starfsfólks. Eins leggjum við upp úr góðu viðmóti starfsfólks gagnvart viðskiptavinum. Við erum næs en við viljum fara fram úr væntingum viðskiptavina. Við viljum að viðskiptavinir upplifi stöðvarnar okkar á jákvæðan, þægilegan og notalegan hátt.

Stefna og viðskiptalíkan

Orkan er fjölorkufélag sem mætir orkupörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman hátt í sátt við umhverfið. Orkan fléttar umhverfisþáttum, félagsþáttum og stjórnaðráttum við almenna starfshætti félagsins og siðferðileg viðmið. Orkan vill með þeim hætti tryggja ávinning af sínum rekstri fyrir haghafa.

Orkan rekur 73 fjölorkustöðvar um land allt sem bjóða upp á auk jarðefnaeldsneytis vetni, metan og rafhleðslu á ökutæki. Orkan hefur verið leiðandi afl á íslenskum eldsneytismarkaði þegar kemur að lágum verðum, allt frá stofnun Orkunnar árið 1994. Hjá Orkunni eru nokkrar afsláttarlausar stöðvar, þar sem viðskiptavinum býðst lægsta eldsneytisverðið á landinu skilyrðislaust. Afsláttarlausu Orkustöðvarnar má finna á heimasíðu félagsins.

Orkan rekur einnig þvottastöðvar fyrir ökutæki undir nafni Löðurs á 12 staðsetningum, 9 á höfuðborgarsvæðinu og 3 á landsbyggðinni.

Áherslur	Stuðningur við heimsmarkmiðin
Góð atvinna Orkan stundar viðskipti af heiðarleika, viðhefur gagnsæi í allri upplýsingagjöf og að siðareglum félagsins sé fylgt í starfsemi þess. Ennfremur hefur Orkan sett sérstakar siðareglur birgja sem eru leiðbeinandi þegar kemur að því að gæta siðferðislegrar og samfélagslegrar ábyrgðar, bæði í félaginu og út á við	

Sjálfbær orka Orkan hefur einsett sér að vera í fararbroddi fyrirtækja á sviði umhverfismála hér á landi og fjárfestir í innviðum sjálfbærra orkugjafa.	
Jafnrétti kynjanna og heilsa og öryggi Orkan starfar í anda jafnræðis og jafnréttis. Félagið vinnur á kerfisbundinn hátt að málum sem snerta hollustuhætti og öryggi. Orkan býður upp á gott starfsumhverfi og stuðlar þannig að ánægju og vellíðan starfsmanna, bæði í starfi og einkalífi.	 

Orkan skuldbindur sig til að vernda umhverfið og koma í veg fyrir mengun. Á sama tíma leitast félagið við að auka jákvæð áhrif sín í samfélaginu og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir fyrirtækið, starfsfólk þess, samfélagið og umhverfið. Áherslur Orkunnar byggja á flokkum sem tengja starfsemiina við nokkur af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Lögð er áhersla á auðlindir, mannauðinn og virðisaukann og á þann hátt stutt við fjögur heimsmarkmið; heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt, heimsmarkmið 7 um sjálfbæra orku, heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna og heimsmarkmið 3 um heilsu og vellíðan.

Mikilvæg sjálfbærnimálefni

Tilskipun um sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja (CSRD) kemur í stað núverandi krafna í lögum um ársreikninga um ófjárhagslega upplýsingagjöf (grein 66.d). Tilskipuninni fylgir nýr staðall (European Sustainability Reporting Standards (ESRS)) sem byggir á tveimur almennum viðmiðum og 10 viðmiðum um umhverfis-, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS). Kröfur ESRS eru ítarlegar og munu fyrirtæki þurfa að útlísta hvernig viðskiptamódel og stefna þeirra samræmast sjálfbærnivægferð og loftslagsmarkmiðum stjórnvalda. Krafa er um að fyrirtæki framkvæmi tvöfalda mikilvægisgreiningu en árið 2023 ákvað Orkan að ráðast í slíka þrátt fyrir að ekki hafi verið komið að innleiðingu laganna.

Hagaðilar

Orkan skilgreindi hagsmunaaðila sína sem þá einstaklinga, hópa eða lögaðila sem verða fyrir áhrifum af starfsemi og geta haft áhrif á starfsemi félagsins. Mikilvægt er að félagið viti væntingar innri og ytri hagsmunaaðila. Orkan hefur uppfært hagaðilagreiningu og kortlagt samskipti sem félagið á við sína hagsmunaaðila.

Ytri hagaðilar

Ytri hagaðilar eru viðskiptavinir, umsjónaraðilar, leigusalar, leigutakar, birgjar, samstarfsaðilar, fjölmiðlar og eftirlitsaðilar.

Innri hagaðilar

Innri hagaðilar eru eigendur, stjórn, starfsfólk Orkunnar og tengd félög. Orkan hefur greint áhrif hagsmunaaðila á starfsemi félagsins. Samskipti við hagaðila eru Orkunni afar dýrmæt og lögð er áhersla á að hlusta á sjónarmið þeirra og skoðanir á stefnu og starfsemi félagsins.

Orkan greindi jafnframt hjá sér innri og ytri áhrif m.a. möguleg áhrif vegna loftslagsbreytinga. Loftslagsáhrifin eru margs konar til dæmis ný lög og reglugerðir, skattar og almenningsálit sem ekki er jákvætt í garð jarðefnaeldsneytis. Félagið ætlar að minnka loftslagsáhrif sín með því að auka vægi endurnýjanlegra orkugjafa í fjárfestingum og vöruframboði.

Tvöfalt mikilvægi

Tvöföld mikilvægisgreining hefur tvær víddir: áhrifamikilvægi og fjárhagslegt mikilvægi. Áhrif á sjálfbærniþætti geta verið fjárhagsleg málefni frá stofnun eða orðið fjárhagslega mikilvæg þegar þau skipta máli fyrir fjárfesta, þar á meðal vegna núverandi eða líklegra áhrifa þeirra á sjóðstreymi, þróun, frammistöðu og stöðu til skamms, meðallangs og lengri tíma. Mikilvægisgreiningin var unnin á vinnustofum með stjórnendum Orkunnar og var mikilvægum þáttum hennar forgangsraðað.

Þeir þættir sem taldir eru hafa tvöfalt mikilvægi hjá Orkunni eru fjárhagslegur styrkur, ímynd vörumerkis, öryggis- og gæðamál, ánægðir viðskiptavinir, starfsánægja, orkuskiptin og umhverfisvæn nýsköpun. Að lokinni greiningunni voru tekin viðtöl við nokkra hagaðila Orkunnar um niðurstöðurnar og tekið tillit til athugasemda þeirra. Þessar áherslur ríma vel við upphaflegar sjálfbærniáherslur félagsins.

Umhverfispættir, félagsþættir og stjórnarhættir

Í lok árs 2024 vann Orkan að mótun nýrrar sjálfbærnistefnu samþykkt var í janúar 2025. Með stefnu um sjálfbærni fléttar Orkan umhverfispáttum, félagsþáttum og stjórnarháttum við almenna starfshætti félagsins og siðferðileg viðmið. Orkan vill með þeim hætti tryggja ávinning af sínum rekstri fyrir haghafa. Stefnan er aðgengileg á heimasíðu Orkunnar.

Árlega eru sett markmið er tengjast umhverfispáttum, félagsþáttum og stjórnarháttum. Undir félagsþætti falla markmið tengd starfsmannamálum og mannréttindum en aðgerðir gegn spillingu og mútum falla undir stjórnarhætti. Til þess að tryggja að unnið sé markvisst að stefnum og markmiðum fyrirtækisins var ráðinn gæðastjóri árið 2024. Gæðastjóri hefur innleitt nýtt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi og fer með verkefnisstjórn á sjálfbærnimálum. Hann sér einnig um innra eftirlit.

Umhverfispættir

Félagið vinnur markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum sem rekstur félagsins hefur í för með sér, meðal annars með því að fylgjast með þróun og nýjungum í umhverfismálum og innleiða í reksturinn. Félagið hlítir lagalegum kröfum og reglugerðum er varða umhverfismál og hefur einsett sér að vera í fararbroddi fyrirtækja á sviði umhverfismála hér á landi.

Áhrif loftslagsbreytinga

Breytingar á loftslagi eru taldar fela í sér brýnan samfélagslegan vanda. Orkan ætlar sér að vera virkur þátttakandi í orkuskiptunum og þannig gera viðskiptavinum sínum mögulegt að velja farartæki sem eru með lægra kolefnisfótspor. Ljóst er að orðsporsáhætta er einn af áhættuþáttum í starfsemi Orkunnar þar sem félagið selur jarðefnaeldsneyti, sér í lagi ef öryggi væri ábótavant. Orkan leggur því mikla áherslu á öryggis- og gæðamál og hafa áform um vottun umhverfismála. Auk þess hefur félagið bætt grænum orkugjöfum í vöruframboð sitt svo sem sölu á vetni, rafmagni og lífdísil (e.bio-diesel). Orkan notar kerfi Klappa til þess að halda utan um sín sjálfbærnimál og sína losun til þess að geta sett sér markmið um minni losun.

Stefna og áætlun til að draga úr loftslagsbreytingum

Orkan hefur gefið út sjálfbærnistefnu, gert mikilvægisgreiningu og sett fram sjálfbærnimarkmið. Orkan kappkostar að:

- Fylgja eftir stefnumótun og stjórnun umhverfismála í ljósi laga og reglna, starfshátta atvinnugreinarinnar, tækniþróunar, þarfa neytenda og væntinga almennings.
- Auka notkun og framboð á umhverfisvænum vörum, þ.m.t. endurnýjanlegum orkugjöfum.
- Fylgjast með nýjungum í umhverfismálum og hafa frumkvæði að endurbótum á starfsháttum sem leiði til betri umhverfisverndar.
- Upplýsa starfsmenn og viðskiptavini um umhverfisstarf Orkunnar og efla samstarf sem getur dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum.
- Viðhafa stöðugar umbætur í umhverfismálum með mælingum og eftirfylgni þátta sem varða forvarnir gegn mengun.
- Flokka allan úrgang og senda til endurvinnslu. Orkan gerir flokkun aðgengilega fyrir starfsmenn.
- Nýta efni og orku skynsamlega.
- Auka aðgengi að umbúðarlausum lausnum.

Árangur 2024 – Umhverfispættir

Sjálfbærniáherslur	Tenging við Heimsmarkmið	Mælikvarði	Markmið	Aðgerðir	Staða	Árangur á milli ára
Leggja áherslu á sjálfsafgreiðslu.		Uppitími sjálfsafgreiðslulausna virki.	Markmið að fjölga sjálfsafgreiðslulausnum.	Kanna þarfir viðskiptavina og mæta þeim.	Markmiði náð	Sjálfsafgreiðslulausnum fjölgaði á árinu með 51 hraðhleðslutengjum, 5 gas-sjálfsölum og 1 dælu fyrir rúðuvökva.
Uppsetning á hraðhleðslustöðvum.		Fjöldi nýrra hraðhleðslu-stöðva.	Áformuð er uppsetning á 10 nýjum hraðhleðslustöðvum 2024.	Orkustöð í Fellsmúla var breytt í hleðslustöð.	Markmiði náð	Í lok árs 2024 hafði Orkan sett upp alls 51 hraðhleðslutengi á 8 staðsetningum sem er 150% aukning. Orkustöð í Fellsmúla var ekki breytt í hleðslustöð.
Auka umbúðalaust vöruframboð.		Fjölga afgreiðslustöðum með rúðuvökvadælum.	Fjölga vörum á dælu um 20%.	Fjárfesting og uppsetning á dælum.	Markmiði náð	Á árinu 2024 hafði Orkan sett upp 1 nýja dælu fyrir rúðuvökva. Dælur fyrir rúðuvökva eru því aðgengilegar á 6 staðsetningum sem er 20% aukning.
Mælanleg umhverfismarkmið og aðgerðaáætlun.		Ná betur utan um umfang 3.	Geta sýnt fram á losun í umfangi 3.	Vinna þarf betur í virðisæðjunni.	Langt komið	Umgjörð aðfangakeðju mótuð. Siðareglur birgja samþykktar og kynntar. A-birgjar fóru í gegnum birgjamat út frá sjálfbærnivíðmiðum NASDAQ, GRI, SASB og UN SDG. Yfirsýn yfir umfang 3 náð.

Félagspættir

Samfélagið

Orkan vill vera góður granni og taka virkan þátt í samfélaginu, til að mynda með því að styðja við málefni og verkefni sem hafa jákvæð samfélagsáhrif. Vera jákvætt afl í samfélaginu, taka þátt í orkutengdri nýsköpun og skapa ný og spennandi tækifæri í heimabyggð.

Mannauður

Markmið Orkunnar er að mannauður félagsins sé skipaður ánægðu og hæfu starfsfólki sem býr yfir færni og þekkingu til að takast á við störf sín með skýrum ferlum og öguðum vinnubrögðum. Starfsfólk Orkunnar tekur þátt í að móta og bæta starfsemina og starfar í anda jafnræðis og jafnréttis. Með sterkri umgjörð um starfsaðstæður verður vinnustaðurinn eftirsóttari sem laðar að sér hæft og gott starfsfólk. Starfsmannahópur Orkunnar er orkumikill, fámennur hópur með mörg verkefni. Því er mikilvægt að skrá verklag á kerfisbundinn hátt svo þekking haldist innan fyrirtækisins. Til þess var ráðinn gæðastjóri árið 2024 sem hefur að auki innleitt stefnu fyrirtækisins og nýtt gæðakerfi til þess að halda utan um þekkingu starfsmanna. Orkan hefur sett sér mannauðs- og jafnréttisstefnu ásamt jafnlaunastefnu sem finna má á heimasíðu félagsins.

Heilsa og öryggi

Orkan vinnur á kerfisbundinn hátt að málum sem snerta hollustuhætti og öryggi. Orkan býður upp á gott starfsumhverfi og stuðlar þannig að ánægju og vellíðan starfsmanna, bæði í starfi og einkalífi. Markmið Orkunnar er að bæta lífsgæði og vinnuumhverfi starfsfólks og viðhalda með því aukinni starfsánægju og frábærum starfsanda. Orkan hefur sett sér öryggisstefnu og velferðarstefnu sem finna má á heimasíðu félagsins.

Mannréttindi

Stefnu Orkunnar um mannréttindi er lýst í gildandi mannauðs- og jafnréttisstefnu félagsins sem finna má á heimasíðu félagsins. Tilgangur stefnunnar er m.a. sá að stuðla að því að hlutur kynjanna verði eins jafn og unnt er í stjórnunar- og áhrifastöðum, auk þess sem stefnan miðar að jöfnum réttindum og sömu tækifærum einstaklinga í starfi. Á heimasíðu Orkunnar er að finna siðareglur félagsins. Þar kemur skýrt fram að mansal og nauðungarvinna líðst ekki hjá félaginu.

Árangur 2024 – Félagsþættir

Sjálfbærniáherslur	Tenging við Heimsmarkmið	Mælikvarði	Markmið	Aðgerðir	Staða	Árangur á milli ára
Viðhalda jafnlaunavottun og jafnrétti.		Jafnlaunavottun IST85.	Viðhalda jafnlaunavottun og jafnrétti hjá Orkunni.	Setning nýrra viðmiða og eftirfylgni.	Lokið	Niðurstöður jafnlaunavottunar 2024 voru 2,99% munur á föstum heildarlaunum þar sem hallar á karla sem er jákvæð þróun frá fyrra ári. Jafnvægisvog FKA 2024, komumst á lista yfir staði þar sem gott er fyrir konur að vinna 2024.
Auka fræðslu til starfsmanna um sjálfbærni- og siðareglur sem gilda um störf þeirra.		Fjöldi fræðslufunda þar sem stefnur eru kynntar.	Kynna og innleiða allar stefnur sem mótaðar hafa verið.	Móta stefnur og undirbúa innleiðingu.	Lokið	Vikulegir upplýsingafundir þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi. Starfsfólk hefur staðfest lestur á siðareglum með undirskrift þar sem fram kemur að starfsfólk liður aldrei mútur né spillingu, hvort heldur af hálfu Orkunnar eða gagnvart félaginu. Stefnur Orkunnar voru kynntar fyrir starfsfólki á upplýsingafundum árið 2024. Innleiðing á stefnum langt komin.
Heilsa og vellíðan.		Veikindadagar og almenn heilsa og starfsánægja.	Markmiðið er að viðhalda eNPS skor 80+ í starfsánægju.	Reglulegar Mood up kannanir og heilsufarsmælingar, samstarf við Heilsuvernd.	Reglu-legar kann--anir	Markmiðum náð á milli ára. Í mánaðarlegum mælingum er Orkan að skora tæplega 90. Reglulegar heilsufarsmælingar, bólusetningar. Aðrir heilsuefandi viðburðir eins og vinnustaða jóga, nudd og hópefli.
Tryggja öflugasta teymið og viðhalda þekkingu.		Vinnustaða-greiningar, upptaka á Learncove, starfsmannavelta, fjöldi umsókna þegar starf er auglýst.	Lítil starfsmannavelta, gott upplýsingaflæði, möguleikar á þróun í starfi.	Formleg starfsmannasa mtöl og brugðist sé við óskum starfsmanna.	Viðvarandi verkefni	Lítil starfsmannavelta á milli ára, 4%. Notast er við mánaðarlegar þúlskannanir og brugðist við óskum starfsmanna þar sem við á. Mikil aðsókn í auglýst störf. Gæðastjóri ráðinn til þess að skrá verklag.

Stjórnarhættir

Um stjórnarhætti Orkunnar er ítarlega fjallað í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins hér að framan. Orkan leggur ríka áherslu á að fylgja góðum stjórnarháttum og metur það sem lið í að skapa gott og traust samtal við hagaðila félagsins ásamt viðskiptavinum. Stjórnarhættir félagsins eru í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemina. Stjórn og stjórnendur Orkunnar hafa unnið markvisst að því að rýna og móta innri reglur félagsins með það að markmiði að þær séu í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs.

Viðskiptahegðun

Siðareglur Orkunnar gilda um stjórn, forstjóra og allt starfsfólk. Það er á ábyrgð stjórnar félagsins að hafa forgöngu um innleiðingu og eftirfylgni með siðareglunum. Allt starfsfólk Orkunnar fellur undir siðareglurnar og ber að fara eftir ákvæðum þeirra og tileinka sér þær í daglegum störfum sínum.

Skattamál

Stefna Orkunnar í skattamálum lýtur að verklagi félagsins vegna eftirlits og framkvæmd skattamála félagsins. Markmið með skattastefnu félagsins er að formfesta vinnulag til greiningar, mats og stýringar og þar með að takmarka skattaáhættu eins og kostur er. Í starfsemi Orkunnar er farið eftir þeim lögum, reglum og alþjóðlegum leiðbeiningum sem gilda um skattamál félagsins hverju sinni. Orkan tekur ekki þátt í starfsemi þar sem grundvallarviðmið um sanngjarna og réttláta skattlagningu eru virt að vettugi. Orkan leggur áherslu á opin samskipti við skattayfirvöld og kappkostar að svara öllum fyrirspurnum skattayfirvalda innan tilsettra tímamarka með skýrum og greinargóðum hætti. Orkan birtir ársreikning félagsins með viðeigandi upplýsingum um skattamál og skattagreiðslur.

Samskipti við birgja

Orkan hefur sanngjarni að leiðarljósi í samskiptum við samstarfsaðila og birgja fyrirtækisins og leggur áherslu á að báðir aðilar njóti góðs af samstarfinu. Orkan gerir ráð fyrir að samstarfsaðilar fyrirtækisins deili með því grundvallarsjónarmiðum og hefur það áhrif á val félagsins á samstarfsaðilum. Ennfremur hefur Orkan sett sérstakar siðareglur birgja sem eru leiðbeinandi þegar kemur að því að gæta siðferðislegrar og samfélagslegrar ábyrgðar, bæði í félaginu og út á við.

Spillingar- og mútumál

Orkan stundar viðskipti af heiðarleika og einsetur sér að fara að lögum, reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgja þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma. Orkan hvorki tekur við né greiðir neitt það sem flokkast getur sem mútur. Ef vafi er um heimildir til móttöku gjafa eða annars konar fyrirgreiðslna skal ávallt leitað samþykkis næsta yfirmanns. Orkan á ekki viðskipti við aðila sem grunur leikur á að stundi peningabætti. Öll viðskipti Orkunnar skulu tilgreind í reikningum fyrirtækisins í samræmi við viðurkenndar starfsreglur og skulu háð endurskoðun. Orkan forðast árekstra á milli hagsmuna starfsmanna og félagsins. Orkan hefur sett sér siðareglur þar sem komið er inn á heiðarleika í viðskiptum, samskipti við viðskiptavini, samkeppni og hagsmunaárekstra. Siðareglurnar má finna á heimasíðu félagsins.

Áhættustýring

Stjórn og forstjóri Orkunnar leitast við að viðhalda góðu eftirlitsumhverfi með skjalfestum stefnum, reglum og verklagsferlum. Með þeim hætti er tryggð skilvirkni í starfsemi félagsins, áreiðanleiki upplýsinga og hlífni við lög.

Orkan stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast starfsemi félagsins og stafa af daglegum rekstri. Markmið Orkunnar er að ekkert mengunartjón verði vegna reksturs félagsins og hefur vegna þessa sett skýra verkferla og viðbragðsáætlanir sem ætlað er að draga úr umfangi umhverfistjóna ef óhapp á sér stað. Starfsemin er einnig útsett fyrir lausafjánhættu, vaxtaáhættu og markaðsáhættu.

Stjórn Orkunnar setur áhættustefnu félagsins og ber forstjóri Orkunnar ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu Orkunnar og áhættustýringu í daglegum rekstri félagsins og svarar fyrir gagnsemi og virkni áhættustýringar gagnvart stjórn. Framkvæmdastjórn Orkunnar bera ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu, greiningu á áhættu og áhættustýringu á þeim sviðum sem undir þá heyra.

Áreiðanleikakönnun

Hjá Orkunni er lögð áhersla á góða ferla og stöðugar umbætur um upplýsingaöryggi og áreiðanleika upplýsinga. Upplýsingum er safnað saman úr kerfum Orkunnar.

Árangur 2024 – Stjórnarhættir

Sjálfbærniáherslur	Tenging við Heimsmarkmið	Mælikvarði	Markmið	Aðgerðir	Staða	Árangur á milli ára
Móta og kynna siðareglur fyrir starfsfólki og stjórn.		Samfélagsstefna og siðareglur.	Allt starfsfólk þekki siðareglurnar.	Stjórn samþykkir siðareglurnar.	Lokið	Siðareglur voru samþykktar og kynntar á árinu 2024. Starfsfólk hefur staðfest með undirskrift.
Auka við opinbera sjálfbærniupplýsingagjöf.		Sjálfbærniskýrsla með ESRS staðli.	Standast staðalinn fyrir fjárhagsárið 2024 eða þegar hann verður innleiddur á Íslandi.	Mikilvægisgreining, glopuggreining, aðgerðaáætlun gerð.	Langt komið	Sjálfbærniskýrslur gefnar út, samfélagsmiðlar nýttir til þess að fjalla um sjálfbærni. Sé síða um góða stjórnarhætti á heimasíðunni. Innleiðingu á S1 og S4 lokið. Innleiðing á E1 og E2 langt komin.
Fá þriðja aðila til að sannreyna upplýsingarnar.		Skýrsla um fjárhagsárið 2024 verði tekin út af ytri aðila.	Orkan innleiði staðalinn að fullu.	Ekki verði farið í úttekt fyrr en þess er þörf.	Í bið	Ekki verði farið í úttekt fyrr en þess er þörf.
Tryggja innleiðingu nýrrar stefnu.		Allt starfsfólk hafi stefnurnar undir höndum eða hafi gott aðgengi að þeim.	Starfsfólk hafi greiðan aðgang að stefnum félagsins.	Kynning á stefnum.	Lokið	Stefnur eru birtar á heimasíðu félagsins. Stefnur hafa verið kynntar og innleiddar.
Uppfæra og viðhalda vöktun.		Uppitími sé sem mestur.	Auka uppitíma.	Eftirfylgni á búnaði og snögg viðbragð. Fyrirbyggjandi viðhald aukið. Bakvaktir alla daga ársins.	Góður uppitími. Í stöðugri vinnslu	Orkuvakt í gangi allan sólarhringinn og brugðist við öllu strax.

Árangur í sjálfbærnimálum

Árangursmat

Reitun framkvæmdi UFS áhættumat fyrir innlendan markað þar sem sjálfbærnistæða rekstraraðila er metin út frá áhættu, stjórnun og árangri. Orkan hlaut 64/100 punktum mögulegum og einkunnina B3 sem er hækkun um heila 10 punkta á einu ári. Þetta telst góð einkunn og endurspeglar frammistöðu fyrirtækisins í umhverfispáttum, félagspáttum og stjórnarháttum. Orkan er 5 punktum yfir meðaltali í samanburði við önnur félög en meðaltal markaðarins er 59/100 punktum sem er miðlungs einkunn. Fram kemur í skýrslunni að félagið, sem er að klára sitt þriðja ár í rekstri, hefur frá upphafi starfseminnar lagt ríka áherslu á umhverfismál og hefur tekið jákvæð skref frá síðasta mati í að formfesta umgjörð sína um umhverfispætti. Starfsánægjan hefur hækkað milli ára og mælist há. Ennfremur kemur þar fram að Orkan hefur lagt ríka áherslu á sjálfbærnimál í starfseminni. Forstjóri félagsins er virkur þegar kemur að sjálfbærnimálum félagsins og er upplýsingagjöf hvað varðar sjálfbærnimál góð. Þá hefur félagið valið þrjú heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem markvisst er unnið að.

Í umsögn greinanda segir m.a.: Orkan, eins og hún hefur starfað núna í tæp þrjú ár í núverandi mynd, hefur lagt ríka áherslu á sjálfbærnimál í starfseminni. Lagt er kapp á að fjölga rafhleðslustöðvum og auka sölu á endurnýjanlegum orkugjöfum en vegna eðlis eftirspurnar er jarðefnaeldsneyti áfram enn langstærsti seldi orkugjafinn hjá félaginu. Heilt yfir eru mannauðsáherslur félagsins góðar og virðast tíðar skipulagsbreytingar ekki hafa áhrif á starfsánægju. Stjórn starfar á skipulagðan hátt og virðist helstu áhættuþáttum vera fylgt eftir. Jákvæðar horfur eru á sjálfbærni frammistöðu félagsins."

Skýrslugjöf vegna flokkunarreglugerðar ESB

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin gilda frá 1. janúar 2023. Á Íslandi gildir reglugerðin um fyrirtæki sem falla undir skyldu til að skila ófjárhagslegum upplýsingum skv. gr. 66d í ársreikningalögum nr. 3/2006 og er Orkan meðal þeirra.

Tilgangur flokkunarreglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum, og á hún að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Flokkunarreglugerð ESB (e.EU Taxonomy) er mikilvægur hluti af sjálfbærniupplýsingagjöf Evrópusambandsins, sem settar voru á fót sem hluti af Green Deal sáttmála sambandsins árið 2019.

Starfsemi Orkunnar

Orkan hóf á síðasta ári yfirferð sína þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú hafa verið birt út frá umhverfismarkmiðunum, mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum. Orkan er fjölorkufélag sem býður einstaklingum og fyrirtækjum í staðgreiðslu alla fimm orkugjafana, bensín, dísilolíu, vetni, metan og rafmagn.

Orkan hefur á undanförnum árum lagt áherslu á að flétta mikilvæga sjálfbærniþætti saman við almenna starfshætti félagsins og útfæra þá með jákvæðni að leiðarljósi. Við mat á starfseminni kom í ljós að flokkurinn 4.9. *Flutningur og dreifing á raforku* fellur undir starfsemi Orkunnar.

Umhverfislega sjálfbær og verulegt framlag

Til þess að starfsemi uppfylli skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, skaða ekki önnur markmið, vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og hlíta tæknilegum matsviðmiðum. Það er niðurstaða Orkunnar að ekki sé um að ræða neina starfsemi sem uppfyllir öll skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær eða verulegt framlag.

Lágmarksverndarráðstafanir

Mannréttindi

Lágmarksverndarráðstafanir krefjast þess að félög beri virðingu fyrir mannréttindum og réttindum starfsfólks og fylgi reglum um góða viðskiptahætti sem byggðir eru á leiðbeiningum OECD og SP. Lágmarksverndarráðstafanirnar tryggja að starfsemi eða fjárfesting sem sögð er „í samræmi við flokkunarkerfið“ brjóti ekki í bága við félagsleg viðmið eða skaði fólk. Atriði sem tengjast mannauði í GRI er að finna í staðli: GRI 406-419.

Samfélagsleg ábyrgð, mannréttindi, umhverfismál og sjálfbærni eru lykilatriði í stefnu Orkunnar. Við leggjum áherslu á fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í viðskiptum og förum að lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og gerum kröfu um það sama af þeim sem Orkan skiptir við. Siðareglur Orkunnar eru hluti af nýrri samfélagsstefnu og siðareglum sem voru unnar á árinu 2023 og samþykktar í upphafi ársins 2024. Markmið siðareglna Orkunnar er að tryggja að starfsemi félagsins sé stunduð af heilindum og að orðspor félagsins og hagaðila þess sé í heiðri haft. Orkan leggur áherslu

á að samstarfsaðilar fyrirtækisins deili með því grundvallargildum og leitast við að tryggja að félagið eigi ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi.

Um meðferð persónuupplýsinga gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eins og þau eru á hverjum tíma, sem og viðkomandi gerðir samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Lögin taka m.a. á vinnslu, vörslu og miðlun persónuupplýsinga. Orkan hefur ekki mótað sérstaka stefnu fyrir starfsfólk í virðiskeðjunni. Orkan hefur ekki framkvæmt áreiðanleikakönnun á mannréttindum samkvæmt skilgreiningu OECD.

Orkan hefur innleitt viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi. Stefnan og viðbragðsáætlunin er sett fram á grundvelli 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Spilling og mútur

Lágmarksverndarráðstafanir sem mælt er með til þess að skilyrði um aðlögun séu uppfyllt eru að félagið hafi þróað og innleitt siðareglur, verklag eða ráðstafanir sem koma í veg fyrir og greina mútur hjá félaginu. Með því er ábyrgð á hlítni færð til fyrirtækjanna. Í GRI eru varnir gegn spillingu í staðlinum: GRI 205 og GRI 419.

Í samfélagsstefnu og siðareglum Orkunnar kemur fram að félagið stundar viðskipti af heiðarleika og einsetur sér að fara að lögum, reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgja þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma.

Orkan hvorki tekur við né greiðir neitt það sem flokkast getur sem mútur. Ef vafi er um heimildir til móttöku gjafa eða annars konar fyrirgreiðslna leitum við ávallt álits næsta yfirmanns. Orkan á ekki viðskipti við aðila sem grunur leikur á að stundi peningapvætti. Öll viðskipti Orkunnar skulu tilgreind í reikningum fyrirtækisins í samræmi við viðurkenndar starfsreglur og skulu háð endurskoðun. Orkan forðast árekstra á milli hagsmuna starfsmanna og félagsins. Unnið hefur verið að því að móta rammann utan um starfsemina, setja stefnur og verkferla og voru stefnurnar innleiddar á árinu.

Skattar

Lágmarksverndarráðstafanir: Í leiðbeiningum OECD um skattamál kemur fram að fyrirtæki ættu að vera í samræmi við bæði ákvæði og anda skattalaga og reglugerða í því landi þar sem þau starfa. Skattastaðallinn GRI 207 vísar í leiðbeiningar OECD. Markmið GRI 207 er að auka gegnsæi í skattamálum.

Stefna Orkunnar í skattamálum lýtur að verklagi félagsins vegna eftirlits og framkvæmdar skattamála. Markmiðið með skattastefnu félagsins er að formfesta vinnulag til greiningar, mats og stýringar og þar með að takmarka skattaáhættu eins og kostur er.

Í starfsemi Orkunnar er farið eftir þeim lögum, reglum og alþjóðlegum leiðbeiningum sem gilda um skattamál félagsins hverju sinni. Orkan tekur ekki þátt í starfsemi þar sem grundvallarviðmið um sanngjarna og réttláta skattlagningu eru virt að vettugi.

Orkan leggur áherslu á opin samskipti við skattayfirvöld og kappkostar að svara öllum fyrirsprungnum skattayfirvalda innan tilsettra tímamarka með skýrum og greinargóðum hætti. Orkan birtir ársreikning félagsins með viðeigandi upplýsingum um skattamál og skattagreiðslur.

Samkeppnismál

Lágmarksverndarráðstafanir: Félög verða að haga starfsemi sinni í samræmi við samkeppnislög og reglugerðir sem gilda í viðkomandi löndum. Félög verða að stuðla að aukinni árvekni starfsmanna um mikilvægi reglufylgni og jafnframt þjálfra lykilstjórnendur í málum er varða samkeppni. Í GRI er fjallað um samkeppnishamlandi hegðun: GRI 206 og 419.

Orkan starfar á einstaklingsmarkaði og stundar heiðarlega viðskiptahætti, þar á meðal hvað varðar samkeppni. Við seljum öllum í staðgreiðsluviðskiptum og leggjum áherslu á fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í viðskiptum og förum að lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og gerum kröfu um það sama af þeim sem Orkan skiptir við. Orkan er í virku verðeftirliti gagnvart keppinautum og skilaboðin um heiðarlega viðskiptahætti eru skýr.

Lykilmælikvarðar

Öll fyrirtæki sem falla undir skyldu til að birta ófjárhagslegar upplýsingar skulu hafa með í skýrslum yfir ófjárhagsleg atriði eða samstæðuskýrslu yfir ófjárhagsleg atriði upplýsingar um hvernig og að hvaða marki starfsemi fyrirtækisins tengist atvinnustarfsemi sem telst vera umhverfislega sjálfbær skv.3. og 9. gr. þessarar reglugerðar.

Í tilfelli Orkunnar verða birtir mælikvarðar fyrir atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en uppfyllir ekki kröfurnar, 4.9., Einnig er um að ræða aðra atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir. Velta/fjárfestingar/rekstrargjöld vegna flutningar og dreifingar á raforku er því að mati Orkunnar gjaldgeng og sett fram í töflum samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 II viðauka. Útreikningar á fjárfestingum taka á beinum fjárfestingum Orkunnar.

Velta

Hlutfall veltu nær yfir tekjur sem færðar eru sk. alþjóðlegum reikningsskilastaðli. Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær því yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningsskilastaðls (IAS-staðli) 1.

Heildarvelta félagsins er 23.843.479 þús.kr., þar af eru 67.585 þús. kr. eða 0,3% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfislega sjálfbær.

Velta	Viðmið fyrir verulegt framlag									Viðmið fyrir verulegt tjón											
Orka - sala á kWh hraðleðslu																					
Texti	Númer (2)	Heildarvelta (3)	Hlutfall veltu (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Váns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfi (8)	Mengun (8)	Liffræðileg fjölbreytni og visterki (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Váns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfi (14)	Mengun (15)	Liffræðileg fjölbreytni og visterki (16)	Lágmarks verndar ráðstafanir (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu ári N (18)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ári N-1 (19)	Flokkur starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarknum (20)	Flokkur umbreytinga starfsemi (21)	
Þúsundir kr.																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					
%																					

Fjárfestingar

Fjárfestingargjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði.

Heildarfjárfestingar félagsins eru 1.026.384 þús. Kr. Þar af eru 220.500 þús.kr. eða 21,5% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfislega sjálfbær.

Fjárfestingar				Viðmið fyrir verulegt framlag								Viðmið fyrir verulegt tjón								
Orka - uppbygging og rekstur á hleðslustöðvum	Númer (2)	Heildarvelta (3)	Hlutfall veltu (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag								Viðmið fyrir verulegt tjón								
				Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Váns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfi (8)	Mengun (8))	Lífrazölleg fjölbreytni og visterki (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Váns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfi (14)	Mengun (15)	Lífrazölleg fjölbreytni og visterki (16)	Lágmarks verndarráðstafanir (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu ár N (18)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarknum (20)	Flokkur umbreytinga starfsemi (21)
Texti		Þúsundir kr.	%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																				
A.1 Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)		0	0%																	
Fjárfestingar frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%																	
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																				
Flutningur og dreifing á raforku	4.9	220.500	21,5%																	
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		220.500	21,5%																	
Alls (A.1+A.2)		220.500	21,5%																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																				
Fjárfestingar frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		805.883	78,5%																	
Alls (A+B)		1.026.384	100%																	

Rekstrargjöld

Heildarrekstrargjöld félagsins eru 20.755.171 þús kr. Þar af eru 31.353 þús. kr. eða 0,2% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfislega sjálfbær.

Rekstargjöld				Viðmið fyrir verulegt framlag								Viðmið fyrir verulegt tjón										
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarvelta (3)	Hlutfallvætu (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfi (8)	Mengun (8)	Lffráðlægt fjölbreytni og vísikerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfi (14)	Mengun (15)	Lffráðlægt fjölbreytni og vísikerfi (16)	Lágmarks verndarástafanir (17)	Hlutfallvætu sem fellur að flokkunarkerfinu ári N (18)	Hlutfallvætu sem fellur að flokkunarkerfinu, ári N-1 (19)	Flokkur starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarknum (20)	Flokkur umbreytinga starfsemi (21)		
Texti		Þúsundir kr.	%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	%	E	T		
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																						
A.1 Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)			0	0%													N	0%	0%			
REK frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)			0	0%													N	0%	0%			
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																						
Flutningur og dreifing á raforku			4.9	31.353	0,2%																	
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)				31.353	0,2%																	
Alls (A.1+A.2)				31.353	0,2%														0%	0%		
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																						
REK frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)				20.723.818	99,8%																	
Alls (A+B)				20.755.171																		



ORKAN IS

Fellsmúla 28
108 Reykjavík
ICELAND

orkan@orkan.is